



Samráð um drög að tillögu til þingsályktunar í málefnum innflytjenda

16.-30. september 2024

Félags- og vinnumarkaðsráðherra mun leggja fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnu í málefnum innflytjenda fyrir árin 2025-2038 ásamt fjögurra ára framkvæmdaáætlun fyrir árin 2025-2028 á haustþingi. Stefnan hefur áður verið kynnt í samráðsgátt í svokallaðri hvítbók í málaflokknum *Samfélag okkar allra – framtíð og stefna Íslands í málefnum innflytjenda*.

Hér eru lögð fram drög að þingsályktunartillögunni til samráðs við almenning. Tillagan er sett fram í hefðbundnu formi þingsályktunartillögu þar sem fyrst er sett fram framtíðarsýn og meginmarkmið, þá er farið yfir lykilviðfangsefni og því næst markmið og mælikvarða. Þar næst kemur framkvæmdaáætlun með aðgerðum sem ætlað er að ná fram áherslum stefnunnar og þannig hreyfa við þeim mælikvörðum sem settir eru. Stefnan sjálf er til fimmtán ára en framkvæmdaáætlun er til fjögurra ára og því aðeins fyrsta áætlun af nokkrum sem ætlað er að ná fram markmiðum stefnunnar.

Sé munur á frumtexta og útgáfum á ensku, pólsku og auðlesinni íslensku gildir frumtextinn.

Texti þingsályktunartillögunnar er eftirfarandi:

I. FRAMTÍÐARSÝN OG MEGINMARKMIÐ

Framtíðarsýn í málefnum innflytjenda verði eftirfarandi:

Ísland verði fjölmenningsarsamfélag sem er inngildandi og stuðli að jöfnum tækifærum fólks til virkrar þátttöku í samfélaginu og á vinnumarkaði.

Á Íslandi tilheyri innflytjendur samfélagi þar sem virðing ríki fyrir fjölbreytileika og þar verði til staðar opinberir innviðir sem markvisst styðji við inngildinguna og þátttöku allra í samfélaginu.

Á Íslandi verði innflytjendum sköpuð fjölbreytt tækifæri og hvatning til að læra og tileinka sér íslensku sem tungumál þar sem aðgengi að hagnýtu íslenskunámi verði gott og sveigjanleiki ríki við námið.

Stefna Íslands í málefnum innflytjenda styðji við grunnildi íslensks samfélags sem byggi á lýðræði, jafnrétti og virðingu fyrir almennum mannréttindum.

Meginmarkmið stefnu í málefnum innflytjenda verði eftirfarandi:

- Innflytjendur tilheyri og verði virkir þátttakendur í inngildandi samfélagi sem byggi á fjölbreytileika og jöfnum tækifærum.
- Samfélagið tryggi að innviðir mæti þörfum ólíkra samfélagshópa, þar með talið ólíkum hópum innflytjenda, og miðli upplýsingum á aðgengilegan hátt.

3. Íslenskunám barna og fullorðinna byggi á fjölbreyttum leiðum, sé hvetjandi, faglegt, hagnýtt og aðgengilegt þannig að það mæti þörfum innflytjenda og samfélagsins til samskipta jafnt í samfélaginu, í námi og á vinnumarkaði.

II. LYKILVIÐFANGSEFNI

Í málefnum innflytjenda verði unnið að eftirfarandi tíu lykilviðfangsefnum:

1. Tryggja góða og skilvirka upplýsingaþjónustu til innflytjenda um réttindi og skyldur hér á landi.
2. Efla kennslu í íslensku sem öðru máli, tryggja aðgengi að fjölbreyttu námi fyrir ólíkan aldur og jafnt aðgengi um allt land.
3. Mannaflapörf á íslenskum vinnumarkaði sé skilgreind og fyrirsjáanleg og laði þannig til sín hæft starfsfólk jafnt innan sem utan EES.
4. Einfalda og efla mat á fyrri námi og starfsreynslu þeirra sem hafa menntun frá erlendum skólum með það að markmiði að fólk fái störf við hæfi og menntun og reynsla þeirra sem hingað flytjast nýtist samfélaginu til heilla.
5. Stefna að inngildandi samfélagi þar sem ávallt er gert ráð fyrir að innflytjendur séu þátttakendur á öllum sviðum samfélagsins.
6. Tryggja aðkomu innflytjenda að ákvarðanatöku um eigin málefni.
7. Draga úr fátækt á meðal innflytjenda.
8. Efla lýðræðisþátttöku, standa vörð um mannréttindi og jafnrétti innflytjenda.
9. Efla rannsóknir á sviði innflytjendamála og málefna flóttafólks og bæta skráningu og söfnun gagna svo hægt sé, til lengri tíma, að auka gæði þjónustu sem byggir á þekkingargrunni og mælanlegum markmiðum.
10. Tryggja stuðning við flóttafólk svo það nái hér rótfestu og geti byggt upp líf sitt. Áhersla sé lögð á stuðning við viðkvæmstu hópa flóttafólks.

Áherslur og aðgerðir stefnu í málefnum innflytjenda miði að því að takast á við framangreind viðfangsefni og þannig verði stuðlað að því að framtíðarsýn og meginmarkmið nái fram að ganga.

III. MARKMIÐ, ÁHERSLUR OG MÆLIKVARÐAR

Markmið stjórnvalda í málefnum innflytjenda verði:

- 1.1 Innflytjendur verði virkir þátttakendur í lýðræðislegum kosningum á Íslandi og virk þátttaka þeirra verði sambærileg við samfélagið í heild.
 - 1.2 Innflytjendur hafi jöfn tækifæri á við aðra til samfélagslegrar þátttöku.
 - 1.3 Viðhorf til innflytjenda verði gott og skilningur almennings á hugtökunum fjölmennung og inngilding verði góður í samfélaginu.
 - 1.4 Fátækt meðal innflytjenda verði ekki meiri en almennt í samfélaginu.
 - 1.5 Innflytjendur sinni störfum hjá ríki og sveitarfélögum.
 - 1.6 Fjölbreytileiki samfélagsins verði sýnilegur í opinberum fjölmiðlum.
- 2.1 Árangursrík og fjölbreytt upplýsingaþjónusta til nýrra íbúa.
 - 2.2 Öflugur og snemmtækur stuðningur við flóttafólk.
 - 2.3 Nám frá erlendum skólum verði metið til starfsréttinda á Íslandi og raunfærnimat verði nýtt til að meta færni og reynslu innflytjenda.
 - 2.4 Virkar rannsóknir á sviði innflytjendamála og miðlun rannsóknarniðurstaðna.

- 2.5 Íslenskt menntakerfi mæti námslegum og félagslegum þörfum barna og ungs fólks með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn á öllum skólastigum.
- 2.6 Staða innflytjenda á húsnæðismarkaði verði sambærileg stöðu annarra í samfélaginu.
- 3.1 Framboð af hagnýtu námi í íslensku verði gott og nái til landsins alls.
- 3.2 Gæði íslenskunáms verði tryggt.
- 3.3 Skilningur ríki og hvati verði til notkunar íslensku í samskiptum innflytjenda og innlendra.
- 3.4 Aðgengi og sveigjanleiki ríki við nám í íslensku.
- 3.5 Matskerfi á íslenskukunnáttu verði samræmt.

Mælikvarðar til að meta framgang markmiðanna verði:

- 1.1 Kjörsókn innflytjenda í kosningum til sveitarstjórna, Alþingis og forseta lýðveldisins sé jöfn kjörsókn innlendra. Hlutfall innflytjenda á framboðslistum og meðal lýðræðislega kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum og á Alþingi sé sambærileg hlutfalli þeirra í samfélaginu auk fjölda og hlutfalls innflytjendaráða hjá ríki og sveitarfélögum með yfir 5.000 íbúa.
- 1.2 a) Hlutfall innflytjenda barna og innlendra barna sem stunda íþróttá- og tómstundastarf sé jafnt. b) Atvinnuþátttaka innflytjenda kvenna og innlendra kvenna sé jöfn, c) Atvinnuþátttaka flóttafólks fimm árum eftir verndarveitingu sé jöfn almennri atvinnuþátttöku í landinu, d) hlutfall innflytjenda af heildaratvinnuleysi og langtíma-atvinnuleysi sé ekki hærra en hlutfall innflytjenda af mannfjölda, e) hlutfall innflytjenda af hópi ungmenna á aldrinum 16-24 ára, sem hvorki er í námi, starfsnámi né á vinnumarkaði, sé ekki hærra en hlutfall þeirra af mannfjölda, f) rannsókn á líðan og samfélagslegri þátttöku innflytjenda.
- 1.3 Niðurstöður viðhorfskönnunarinnar *Afstæða almennings til innflytjendamála* sem félags- og vinnumarkaðsráðuneytið lætur vinna á 2ja ára fresti.
- 1.4 a) Lágtekjuhlutfall innflytjenda, b) fátæktarbil innan hóps innflytjenda sem búa við fátækt.
- 1.5 a) Hlutfall innflytjenda í störfum hjá ríkinu eftir starfaflokkum, b) hlutfall innflytjenda í störfum hjá sveitarfélögum eftir starfaflokkum.
- 1.6 a) Hlutfall innflytjenda sem viðmælendur í útvarpi og sjónvarpi hjá Ríkisútvarpinu, b) hlutfall innflytjenda í dagskrárgerð hjá Ríkisútvarpinu, c) innflytjendur sem viðmælendur í útvarpi og sjónvarpi hjá Ríkisútvarpinu, skipting í umræðu um innflytjendamál og önnur mál.
- 2.1 a) Fjöldi sem nýtir sér upplýsingaþjónustu Vinnumálastofnunar skipt eftir miðlunartegund (rafræn umferð, símtöl, erindi, komur), b) könnun á hvort innflytjendur þekki til, nýti sér og telji sig hafa þörf fyrir upplýsingaþjónustuna.
- 2.2 a) Hlutfall flóttafólks af verndarveitingum hvers árs sem fær tilvísun í samræmda móttöku flóttafólks, b) hlutfall flóttafólks sem fær kennslu í íslensku eða íslensku táknmáli á fyrsta ári eftir verndarveitingu og meðalfjöldi kennslustunda á mann, c) hlutfall flóttafólks sem fær samfélagsfræðslu á fyrsta ári eftir verndarveitingu, d) hlutfall flóttafólks sem fær stuðning við mat á fyrri menntun, námsráðgjöf og/eða atvinnuleit á fyrsta ári eftir verndarveitingu.
- 2.3 a) Málsmeðferðahraði við mat á námi flokkað eftir starfsgreinum, b) hlutfall samþykktar og höfnunar á viðurkenningu starfsréttinda frá erlendum skólum eftir starfsgreinum auk rýni á ástæður höfnunar, c) hlutfall menntaðra innflytjenda sem vinna störf sem ekki krefjast sértækrar menntunar í samanburði við innlenda, d) hlutfall innflytjenda

- af þeim sem ljúka raunfærnimati, e) hlutfall af innflytjendum með stutta formlega skólagöngu á atvinnuleysisskrá sem fara í raunfærnimat.
- 2.4 a) Fjármagn til rannsókna á sviði innflytjendamála haldist í samhengi við fjölda innflytjenda á Íslandi, b) fjöldi rannsókna sem birtar eru á sviði innflytjendamála á hverju ári, c) sérstakur vettvangur, sem heldur utan um rannsóknir á málefna sviði innflytjenda og flóttafólks og miðlar þekkingu á þeim í íslensku samfélagi, sé virkur.
- 2.5 a) Niðurstöður PISA, íslensku æskulýðsrannsóknarinnar og annarra matstækja sem notuð eru í skólakerfinu, b) brautskráðir nemendur á framhaldsskólastigi og viðbótarstigi eftir bakgrunni, aldursflokk og kyni, c) brautskráðir nemendur á háskólastigi og doktorsstigi eftir bakgrunni, aldursflokk og kyni, d) fjöldi skóla sem meta nám barna í eigin móðurmáli sem valgrein eða sem komi í stað skyldunáms samkvæmt aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla.
- 2.6 a) Hlutfall innflytjenda á leigumarkaði samanborið við innlenda, b) hlutfall innflytjenda í eigin húsnæði samanborið við innlenda, c) hlutfall innflytjenda á leigumarkaði sem fá greiddan húsnæðisstuðning í samanburði við innlenda, d) hlutfall heimila innflytjenda í vanskilum vegna húsnæðislána eða leigu samanborið við hlutfall innlendra.
- 3.1 a) Fjöldi námskeiða, námspláss og námsleiða, þar með talið fjarnám, sem í boði eru á mismunandi færnistigum á hverju landsvæði miðað við fjölda innflytjenda sem búsettir eru á hverju svæði, b) að boðið sé upp á námskeið í íslensku táknmáli fyrir döff innflytjendur og fjöldi vinnustaða sem býður upp á vinnutengt íslenskunám, c) hlutfall innflytjenda sem hafa aðgang að slíku námi af virkum á vinnumarkaði eftir landsvæðum.
- 3.2 a) Hlutfall kennara sem hafa kennsluréttindi og sértæka menntun í kennslu íslensku sem annars tungumáls, b) hlutfall námskeiða sem meta námsárangur út frá af færnistigum Samevrópska tungumálarammans, c) notendaúttekt á gæðum náms sé gerð tvisvar á framkvæmdatíma stefnunnar.
- 3.3 Samanburðarrannsókn unnin á fjögurra ára fresti á viðhorfum innlendra og innflytjenda til tækifæra til notkunar tungumálsins og viðhorfa gagnvart íslensku millimáli.
- 3.4 a) Fjöldi fjarnámspláss sem í boði eru út frá fjölda innflytjenda, b) framboð á íslenskukennslu á ólíkum tímum dags, út frá landsvæðum og fjölda innflytjenda á hverju svæði, c) fjöldi opinna snjalllausna sem styðja við nám í íslensku og notkun tungumálsins.
- 3.5 a) Staðlað opinbert stöðupróf byggt á Samevrópska tungumálarammanum í boði í prófamiðstöðvum um land allt, b) fræðsluáðilar meti og staðfesti færnistig hvers nemanda við lok námskeiðs þar sem metnir eru ólíkir færniþættir út frá færnistigum Samevrópska tungumálarammans, c) innflytjendur hafi aðgang að gjaldfrjálsum sýniprofum á netinu, þar sem þeir geta sjálfir kannað færnistig sitt innan Samevrópska tungumálarammans.

IV. FRAMKVÆMDAÁÆTLUN

Til að tryggja framgang markmiða stefnu í málefnum innflytjenda verði unnið í samræmi við eftirfarandi framkvæmdaáætlun. Aðgerðir til að ná fram markmiðum verði:

1.1 - Innflytjendur eru virkir þátttakendur í lýðræðislegum kosningum á Íslandi og virk þátttaka þeirra er sambærileg við samfélagið í heild

1.1.1 Lýðræðisþátttaka og lýðræðisfræðsla

Markmið: Að hvetja innflytjendur til þátttöku í lýðræðislegum kosningum og fræða um lýðræðislegt skipulag og stjórnarhætti hér á landi.

Framkvæmd/lýsing:

a) Innflytjendum sem öðlast kjörgengi séu sjálfkrafa sendar upplýsingar um áunninn rétt og fræðsluefni um fyrirkomulag og skipan ólíkra kosninga á Íslandi og hvernig nýta má kosningaréttinn.

b) Fræðsla fyrir börn og ungmenni um lýðræðislegar kosningar, eðli þeirra og fyrirkomulag samkvæmt aðalnámskrá. Litið verður til þróunarverkefnisins Menntun, móttaka, menning.

Ábyrgð: Þjóðskrá (á a-hluta aðgerðar) og mennta- og barnamálaráðuneytið (á b-hluta aðgerðar).

Dæmi um samstarfsaðila: Sveitarfélögin, landskjörstjórn, Starfrænt Ísland, innviðaráðuneytið, Umboðsmaður barna, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, leik-, grunn- og framhaldsskólar.

Hagaðilar/markhópur: Innflytjendur sem öðlast hafa kjörgengi, börn og ungmenni.

Tímabil: 2025-2028

Niðurstaða: Fullorðnir innflytjendur séu meðvitaðir um kosningarétt sinn, kjörgengi og grundvallarstjórnskipan á Íslandi. Börn og ungmenni úr hópi innflytjenda þekki rétt til þátttöku í kosningum, skilji fyrirkomulag lýðræðis og framkvæmd þess hér á landi.

1.2 - Innflytjendur hafa jöfn tækifæri á við aðra til samfélagslegrar þátttöku

1.2.1 Virkni og tækifæri á vinnumarkaði

Markmið: Að jafna tækifæri innflytjenda á vinnumarkaði og stuðla að virkri og sjálfbærri atvinnuþátttöku ólíkra hópa með viðeigandi stuðningi og fræðslu.

Framkvæmd/lýsing:

a) Styðja sérstaklega við fólk sem býr við tungumálhindranir eða hefur litla starfsreynslu, tengja það við atvinnulífið og fræða um tækifæri á vinnumarkaði

b) Fræðsla um réttindi, skyldur og vinnustaðamenningu á íslenskum vinnumarkaði.

c) Samstarf við atvinnulífið og fræða fyrirtæki um hag af mati á menntun innflytjenda, eiginleika og kosti fjölmenningslegs vinnuumhverfis og tækifæri í auknum hreyfanleika innflytjenda á vinnumarkaði.

Ábyrgð: Vinnuálastofnun.

Dæmi um samstarfsaðila: Aðilar vinnumarkaðarins, Samband íslenskra sveitarfélaga, kjara- og mannauðssýsla ríkisins.

Hagaðilar/markhópur: Innflytjendur á vinnualdri, vinnumarkaðurinn.

Tímabil: 2025-2028

Niðurstaða: Aukinn jöfnuður ríkir á vinnumarkaði þar sem innflytjendur hafa tækifæri til fjölbreyttra starfa og jafnt láréttis sem lóðréttis hreyfanleika á vinnumarkaði.

1.2.2. Þátttaka barna og ungmenna í íþrótt-, æskulýðs- og öðru tómstundastarfi

Markmið: Að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi sem og öðru tómstundastarfi og draga úr brotthvarfi þeirra úr slíku starfi.

Framkvæmd/lýsing: Innleidd verði verkefni sem reynst hafa vel bæði hér á landi og í nágrannalöndum til þess að efla og auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í íþrótt-, æskulýðs- og öðru tómstundastarfi.

Ábyrgð: Mennta- og barnamálaráðuneytið.

Dæmi um samstarfsaðila: Samband íslenskra sveitarfélaga, UMFÍ, ÍSÍ, leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólar, íþróttafélögin, listaskólar og frjáls félagasamtök á sviði barna- og ungmennamála.

Hagaðilar/markhópur: Börn og ungmenni með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og fjölskyldur þeirra.

Tímabil: 2025-2028

Niðurstæða: Innflytjendabörn og ungmenni njóti jafnra tækifæra á við önnur börn og ungmenni til að læra og þroskast í starfi utan hefðbundins skólustarfs.

1.2.3. Rannsókn á líðan og samfélagslegri þátttöku innflytjenda

Markmið: Mat innflytjenda sjálfra á eigin líðan, tækifærum og hindrunum er varða samfélagslega þátttöku sé þekkt og fylgst er með þróun á stöðu mála.

Framkvæmd/lýsing: Þátttökukönnun um mat innflytjenda á eigin líðan, tækifærum og hindrunum á samfélagslegri þátttöku verði framkvæmd á fjögurra ára fresti, fyrst árið 2026.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.

Dæmi um samstarfsaðila: Rannsóknaraðilar, Samband íslenskra sveitarfélaga, frjáls félagasamtök.

Hagaðilar/markhópur: Innflytjendur, stjórnvöld og ýmsar þjónustustofnanir.

Tímabil: 2026

Niðurstæða: Líðan innflytjenda auk tækifæra og hindrana á samfélagslegri þátttöku eru þekkt. Niðurstöður rannsóknarinnar skapa grunn til að móta aðgerðir sem stuðla að bættri líðan eða viðhalda góðri líðan, eflingu tækifæra og samfélagsþátttöku innflytjenda eftir því sem við á út frá niðurstöðum rannsóknarinnar.

1.3 - Viðhorf til innflytjenda er gott og skilningur almennings á hugtökunum fjölmennung og inngilding er góður í samfélaginu

1.3.1 Rannsóknin „Afstaða almennings til innflytjendamála“ framkvæmd reglulega

Markmið: Að fylgjast með og bregðast við þróun á afstöðu almennings til innflytjendamála á Íslandi

Framkvæmd/lýsing: Könnun meðal almennings sem byggir á fyrri könnunum frá árunum 2017, 2019 og 2023 auk þess sem könnun með viðbótaspurningum verði framkvæmd á tveggja ára fresti, næst árið 2025.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.

Dæmi um samstarfsaðila: Sérfræðingar á sviði félagsvísindarannsókna, Hagstofa Íslands, háskólasamfélagið, sveitarfélög og Vinnumálastofnun.

Hagaðilar/markhópur: Samfélagið, stefnumótandi aðilar, sérfræðingar á sviði félagsvísindarannsókna.

Tímabil: 2025 og 2027

Niðurstæða: Niðurstöður reglubundinna viðhorfsmælinga leggi grunn að markvissum aðgerðum til að auka skilning á málefnum innflytjenda sem ætlað er að vinna gegn neikvæðum viðhorfum.

1.3.2. Efla fræðsluhlutverk fjölmenningsdeildar Vinnumálastofnunar

Markmið: Í boði sé aðgengilegt fræðsluefni um fjölmenningsnæmi, stöðu innflytjenda á Íslandi, samfélagslegan ávinning af jafnri stöðu íbúa óháð uppruna og einkenni inngildandi samfélags og styrkleika fjölbreytni á vinnustöðum.

Framkvæmd/lýsing:

- a) Fræðsluefni fyrir vinnustaði og félagasamtök.
- b) Útbúið sé aðgengilegt stafrænt fræðsluefni og leiðbeiningar um inngildandi starfshætti í ólíkum félagslegum aðstæðum.
- c) Fræðsluefnið Landneminn, samfélagsfræðsla um íslenskt samfélag fyrir innflytjendur, sé öllum innflytjendum aðgengilegt og kynnt með markvissum hætti.

Ábyrgð: Vinnumálastofnun.

Dæmi um samstarfsaðila: Frjáls félagasamtök, aðilar vinnumarkaðarins, sveitarfélög, ríkisstofnanir og innflytjendur.

Hagaðilar/markhópur: Samfélagið í heild.

Tímabil: 2025-2028

Niðurstæða: Aukin vitund og skilningur um hvernig stuðla megi að inngildandi samfélagi og hvert sé hlutverk hvers og eins þar að lútandi.

1.4 - Fátækt meðal innflytjenda er ekki meiri en almennt í samfélaginu

1.4.1. Samfélagsþættir er vinna gegn fátækt og jaðarsetningu innflytjenda kortlagðir

Markmið: Þekktir séu þeir sértæku þættir sem eiga þátt í fátækt og jaðarsetningu innflytjenda og hvað vinnur gegn fátækt og jaðarsetningu.

Framkvæmd/lýsing:

a) Kortlagning og greining á ríkjandi þáttum er valda og vinna gegn fátækt og jaðarsetningu innflytjenda.

b) Staða innflytjenda greind sérstaklega í reglubundnum Lífskjararannsóknum Hagstofunnar, m.a. út frá fjölskyldugerð.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið (á a-lið aðgerðarinnar) og Hagstofa Íslands (á b-lið aðgerðarinnar).

Dæmi um samstarfsaðila: Háskólarnir, sveitarfélögin, félagasamtök.

Hagaðilar/markhópur: Fátækir og/eða jaðarsettir innflytjendur.

Tímabil: 2025-2028

Niðurstæða: Hægt er að þróa markvissar aðgerðir til að draga úr og koma í veg fyrir fátækt og jaðarsetningu innflytjenda umfram aðra hópa í samfélaginu.

1.5 – Innflytjendur sinna störfum hjá ríki og sveitarfélögum

1.5.1. Opinber störf aðgengileg fyrir öll

Markmið: Að öll njóti jafnra möguleika til starfa hjá opinberum aðilum byggt á samkeppni um hæfni og getu til auglýstra starfa þar sem uppruni hefur ekki áhrif á möguleika til ráðningar.

Framkvæmd/lýsing:

a) Unnið sé að greiningu og markvissri skráningu á fjölbreytni mannauðs hjá ríki og sveitarfélögum út frá innflytjendastöðu og starfsgreinum.

b) Ráðningarferlar hjá ríki og sveitarfélögum séu skoðaðir með tilliti til jafnréttis á grundvelli uppruna og tillögur að úrbótum unnar ef þörf er á.

c) Skýrt komi fram í auglýsingum um störf hvaða færnistigi í íslensku umsækjendur þurfa að hafa náð samkvæmt Samevrópska tungumálaráttum.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.

Dæmi um samstarfsaðila: Hagstofa Íslands, kjara- og mannauðssýsla ríkisins, Samband íslenskra sveitarfélaga.

Hagaðilar/markhópur: Samfélagið í heild sinni.

Tímabil: 2025-2028

Niðurstaða: Opinberir vinnustaðir eru vinnustaðir þar sem fjölbreytni ríkir, þeir eru inngildandi og nýta krafta fjölbreytileikans í samfélaginu.

2.1 - Árangursrík og fjölbreytt upplýsingaþjónusta fyrir innflytjendur

2.1.1. Uppbygging fjölbreyttrar og árangursríkrar upplýsingaþjónustu til innflytjenda

Markmið: Að auka aðgengi, notkun og hagnýtingu á upplýsingum og fræðslu sem þegar er til gagnvart stærri hóp en nú er. Með markvissri kynningu sé innflytjendum gert auðvelt fyrir að afla sér upplýsinga og hafa skýra sýn á hvar upplýsingar er að finna.

Framkvæmd/lýsing:

a) Efld upplýsingaveita með stafrænum hætti í gegnum island.is. Upplýsingar verði aðgengilegar á fleiri tungumálum en íslensku og sérstaklega verði hugað að markvissri kynningu grunnupplýsinga til þeirra sem nýlega hafa flust til landsins með sérstakri síðu í svokölluðum lífsviðburðum.

b) Virk og fjölbreytt upplýsingaþjónusta og samfélagsfræðsla fyrir innflytjendur verði efld og ná til fólks á landinu öllu.

c) Heildarendurskoðun á samfélagsfræðsluefni Landnemans svo hann nýtist jafnt almennum innflytjendum sem og flóttafólki.

d) Markvissst sé unnið að kynningu og markaðssetningu á upplýsingaþjónustu liða a og b til að innflytjendur þekki til þjónustunnar.

Ábyrgð: Vinnumálastofnun.

Dæmi um samstarfsaðila: Stafrænt Ísland, opinberar stofnanir og þjónustuveitendur, sveitarfélög.

Hagaðilar/markhópur: Innflytjendur, einkum þeir sem eru á fyrstu árum búsetu hér á landi.

Tímabil: 2025-2028

Niðurstaða: Hagnýt, víðtæk og notendavæn upplýsingaþjónusta um helstu grundvallaratriði er snúa að réttindum og skyldum í íslensku samfélagi.

2.2 – Öflugur og snemmtækur stuðningur við flóttafólk

2.2.1.: Öflugur og snemmtækur stuðningur við flóttafólk

Markmið: Að tryggja flóttafólki þjónustu frá verndarveitingu með það að markmiði að valdefla það og styðja við að ná rótfestu í nýju samfélagi.

Framkvæmd/lýsing:

a) Sérstækur viðbótarstuðningur við flóttafólk umfram stuðning í almennri félagsþjónustu.

b) Greina þörf og eðli nauðsynlegrar þjónustu við flóttafólk á grundvelli hönnunarhugsunar þar sem leiðir og þarfir notandans í gegnum kerfið eru kortlagðar og þróaðar með prepaskiptingu og forgangsörðun í þjónustu að leiðarljósi.

c) Undirbúa og koma á fót jafningjastuðningi fyrir flóttafólk.

d) Þjálfun starfsfólks sem vinnur með flóttafólki í fjölmenningsnæmi og áfallamiðaðri nálgun í þjónustu og stuðningi við flóttafólk.

e) Félags- og virknistarf ætlað flóttafólki til að efla samskipti við samfélagið í heild, félagstengsl og skapa tækifæri til notkunar íslensku í fjölbreyttum aðstæðum sem stuðningur við íslenskunám.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.

Dæmi um samstarfsaðila: Vinnumálastofnun, sveitarfélög, Samband íslenskra sveitarfélaga, félagasamtök, heilbrigðisráðuneytið, mennta- og barnamálaráðuneytið, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið, heilbrigðisstofnanir, framhaldsskólar og háskólar.

Hagaðilar/markhópur: Einstaklingar með alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi af mannúðarástæðum, fagaðilar sem veita þeim þjónustu.

Tímabil: 2025-2028

Niðurstaða: Straumflínulagaðri, skilvirkari og öflugri þjónusta við flóttafólk sem byggir á mati notenda á eigin þörfum.

2.2.2: Stuðningur við geðheilbrigði flóttafólks með sálrænum stuðningi

Markmið: Flóttafólk fái nauðsynlegan sálrænan stuðning til að vinna úr þeirri reynslu að hafa verið á flóttu, með það að markmiði að styðja við geðheilbrigði og getu til að takast á við líf í nýju landi sem og draga úr líkum á að þörf verði fyrir sérhæfða geðheilbrigðisþjónustu.

Framkvæmd/lýsing:

a) Almenn áfallahjálp aðgengileg í samræmdri móttökumiðstöð og sálrænn stuðningur aðgengilegur fyrir allt flóttafólk þar sem unnið er með hópa frekar en einstaklinga.

b) Skýrt tilvísanakerfi í viðeigandi heilbrigðisþjónustu á réttu stigi, fyrir flóttafólk sem þarf sérhæfða meðferð vegna áfallastreituröskunar.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.

Dæmi um samstarfsaðila: Heilbrigðisráðuneytið, sveitarfélög sem sinna móttöku flóttafólks, heilbrigðisstofnanir og félagasamtök.

Hagaðilar/markhópur: Flóttafólk á Íslandi.

Tímabil: 2025-2028

Niðurstaða: Flóttafólk er betur í stakk búið til að byggja upp líf sitt í nýju landi og flestir geta nýtt sér geðheilbrigðisþjónustu á lægri stigum. Áskorunum sem sinna má með sálrænum stuðningi sé ekki vísað í sértækari þjónustu innan geðheilbrigðiskerfisins.

2.2.3.: Greitt aðgengi flóttafólks að gagnreyndri meðferð við áfallastreituröskun

Markmið: Flóttafólk fái nauðsynlega gagnreynda meðferð við áfallastreituröskun sem þróast hefur vegna aðstæðna þess og reynslu af flóttu.

Framkvæmd/lýsing:

a) Gagnreynd meðferð við áfallastreituröskun gerð aðgengileg fyrir allt flóttafólk sem á þarf að halda, annars vegar í gegnum samræmda móttökumiðstöð og hins vegar á ábyrgð viðeigandi heilbrigðisstofnana.

b) Tryggja þjálfun og handleiðslu fyrir fagfólk sem veitir gagnreynda meðferð vegna áfallastreituröskunar tengt afleiðingum vegna flóttu eða þeirra aðstæðna sem flúið er úr.

c) Skýrt tilvísanakerfi í viðeigandi heilbrigðisþjónustu á réttu stigi, fyrir flóttafólk sem þarf sérhæfða meðferð vegna áfallastreituröskunar.

Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneytið.

Dæmi um samstarfsaðila: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, sveitarfélög sem sinna móttöku flóttafólks, heilbrigðisstofnanir og félagasamtök.

Hagaðilar/markhópur: Flóttafólk á Íslandi.

Tímabil: 2025-2028

Niðurstæða: Flóttafólk er betur í stakk búið til að byggja upp líf sitt í nýju landi og flestir geta nýtt sér geðheilbrigðisþjónustu á lægri stigum.

2.2.4.: Móttaka og stuðningur við fylgdarlaus börn

Markmið: Að styrkja barnaverndarþjónustu til að taka á móti og þjónusta fylgdarlaus börn og auka fyrirsjáanleika í þjónustu við þau. Að styðja við sérhæfingu þeirra barnaverndarþjónusta sem mesta reynslu hafa af að þróa og veita slíka þjónustu.

Framkvæmd/lýsing: Samstarfssamningar um þjónustu við fylgdarlaus börn.

Ábyrgð: Mennta- og barnamálaráðuneytið.

Dæmi um samstarfsaðila: Barnaverndarþjónustur sveitarfélaga, Barna- og fjölskyldustofa, Samband íslenskra sveitarfélaga, skólaþjónusta sveitarfélaga, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, framhaldsskólar, símenntunarstöðvar, íþrótt- og tómsundafélög.

Hagaðilar/markhópur: Fylgdarlaus börn.

Tímabil: 2025-2028

Niðurstæða: Markviss og öflug þjónusta við fylgdarlaus börn.

2.2.5.: Stuðningur við sveitarfélög vegna móttöku barna á flóttu

Markmið: Að þróa og innleiða verklag sem miðar að því að öll börn sem hafa komið til Íslands í leit að vernd hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.

Framkvæmd/lýsing:

a) Stuðningur við sveitarfélög vegna móttöku barna á flóttu og þjónustu við þau.

b) Reynsluverkefni um sérstakan stuðning við börn með flóttabakgrunn og þróun verklags á grundvelli laga um farsæld barna.

Ábyrgð: Mennta- og barnamálaráðuneytið.

Dæmi um samstarfsaðila: Sveitarfélög, Samband íslenskra sveitarfélaga, Miðstöð menntunar- og skólaþjónustu, Barna og fjölskyldustofa, framhaldsskólar.

Hagaðilar/markhópur: Börn á flóttu og fjölskyldur þeirra.

Tímabil: 2025-2028

Niðurstæða: Markviss og öflug þjónusta við börn á flóttu og fjölskyldur þeirra.

2.2.6. Íslenskukennsla og samfélagsfræðsla fyrir flóttafólk

Markmið: Að styðja fólk við að ná grunntökum á íslensku og skilningi á íslensku samfélagi og samfélagsformi.

Framkvæmd/lýsing:

a) Öflugt íslenskunám við upphaf dvalarleyfis tryggt. Það sé sniðið að þörfum fullorðins flóttafólks með ólíkar námsþarfir.

b) Samfélagsfræðslan Landneminn fyrir fullorðið flóttafólk gerð aðgengileg öllu flóttafólki.

c) Kortlagning á fjölbreyttum námsþörfum flóttafólks í íslensku og samfélagsfræðslu sem leggi grunn að því hvernig nám hverjum og einum er boðið í og með hvaða hætti best sé að meta námslega stöðu, þarfir og getu við upphaf náms.

Ábyrgð: Vinnuástandstofnun.

Dæmi um samstarfsaðila: Fræðsluaðilar, sveitarfélög sem taka á móti flóttafólki, félagasamtök.

Hagaðilar/markhópur: Fullorðið flóttafólk.

Tímabil: 2025-2028

Niðurstaða: Allt fullorðið flóttafólk fær tækifæri til að ná grunntökum á íslensku og öðlast skilning á helstu einkennum íslensks samfélags, þjónustu opinberra aðila og réttindum og skyldum borgaranna.

2.3 - Nám frá erlendum skólum er metið til starfsréttinda á Íslandi og raunfærnimat er nýtt til að meta færni og reynslu innflytjenda

2.3.1. Nám frá erlendum skólum er metið til starfsréttinda á Íslandi

Markmið: Að menntun og hæfni sem innflytjendur hafi aflað sér verði metin og nýtt að verðleikum á íslenskum vinnumarkaði og starfsréttindi gefin út fyrir lögverndaðar starfsstéttir. Innflytjendur fái upplýsingar um hvaða viðbótamenntunar þurfi að afla til að öðlast starfsréttindi og að jafna stöðu fólks á vinnumarkaði, óháð uppruna.

Framkvæmd/lýsing:

a) Að þróa áfram sameiginlega matsgátt á menntun sem er auðveld í notkun og aðgengi fyrir fólk óháð uppruna.

b) Setja á laggirnar formlegt samstarf aðila vinnumarkaðarins sem myndi miða að því að auka tækifæri innflytjenda á störfum í samræmi við menntun á Íslandi og koma á auknu samstarfi milli fagstétta um mat á erlendri menntun.

Ábyrgð: Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið.

Dæmi um samstarfsaðila: Aðilar vinnumarkaðarins, framhaldsfræðsluaðilar framhaldsskólar og háskólar.

Hagaðilar/markhópur: Innflytjendur sem hafa menntun og hæfni en sinna störfum þar sem menntun þeirra og reynsla nýtist ekki. Atvinnurekendur og samfélagið í heild.

Tímabil: 2025-2028

Niðurstaða: Staða innflytjenda og innlendra verður jafnari á vinnumarkaði, innflytjendur sinna störfum við hæfi menntunar og atvinnurekendur og samfélagið í heild njóta góðs af menntun og reynslu innflytjenda.

2.3.2.: Raunfærnimat er nýtt til að meta færni og reynslu innflytjenda með stutta formlega skólagöngu

Markmið: Hæfni sem innflytjendur hafi aflað sér með atvinnuþátttöku verði metin og nýtt að verðleikum á íslenskum vinnumarkaði og í menntakerfinu. Skapa tækifæri fyrir innflytjendur fyrir frekari menntun og að jafna stöðu fólks á vinnumarkaði, óháð uppruna.

Framkvæmd/lýsing:

a) Kortleggja framkvæmd raunfærnimatsverkefna meðal innflytjenda og hvernig það mat hefur nýst þeim til frekara náms eða starfa.

b) Kynna betur raunfærnimat fyrir innflytjendum á Íslandi og efla samtal hagsmunaaðila um skilvirkar leiðir fyrir einstaklinga til að fá raunfærni metna.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.

Dæmi um samstarfsaðila: Vinnuálastofnun, framhaldsfræðsluaðilar, framhaldsskólar, aðilar vinnumarkaðarins.

Hagaðilar/markhópur: Innflytjendur sem hafa stutta formlega menntun en reynslu af atvinnuþátttöku og vilja nýta færni sína sem grunn að frekara námi og atvinnutækifærum. Jafnframt atvinnurekendur sem eiga möguleika á að nýta hæfni starfsmanna sinna með betri hætti.

Tímabil: 2025-2028

Niðurstæða: Staða innflytjenda og innlendra verður jafnari á vinnumarkaði, innflytjendur sinna störfum við hæfi, búa við tækifæri til frekari menntunar og sérhæfingar auk þess sem atvinnurekendur njóta góðs af reynslu innflytjenda.

2.4 - Virkar rannsóknir á sviði innflytjendamála og miðlun rannsóknarniðurstæða

2.4.1. Rannsóknir, gagnaöflun og þekkingarmiðlun

Markmið: Að koma á fót vettvangi sem sér um söfnun á rannsóknum og miðlun þekkingar um málefni innflytjenda hér á landi. Byggð sé brú á milli þekkingar sem aflað er með rannsóknum, nauðsynlegri skráningu gagna og hagnýtingu rannsóknarniðurstæða í beinni þjónustu við innflytjendur. Þekkingargöt á sviði málaflokksins séu þekkt.

Framkvæmd/lýsing:

a) Þekkingarvettvangi verði komið á og framkvæmdaðila fengið það hlutverk að halda utan um rannsóknir og hagnýt verkefni á sviði málefna innflytjenda, miðla þekkingu um niðurstöður rannsókna/verkefna og greina á hvaða sviðum er þörf á frekari þekkingu og rannsóknum í takt við stefnu stjórnvalda.

b) Greining á hvar nauðsynlegt er að bæta úr söfnun, samhæfingu og skráningu gagna s.s. tölfraðiganga til að auðvelda rannsóknir, samanburð rannsókna og greiningu á ólíkum málum er varða innflytjendur á Íslandi.

c) Rástefna ætluð fagfólki um þróun mála á sviði innflytjendamála haldin tvisvar á gildistíma áætlunarinnar, árin 2025 og 2027.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.

Dæmi um samstarfsaðila: Hagstofa Íslands, háskóla- og vísindasamfélagið, einkum á sviði félags- og menntavísinda, rannsækendur, sveitarfélögin, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið, mennta- og barnamálaráðuneytið, innflytjendaráð, Rannís og Vinnumálastofnun.

Hagaðilar/markhópur: Rannsækendur, þjónustuveitendur við innflytjendur og háskólasamfélagið.

Tímabil: 2025-2028

Niðurstæða: Öflugra þekkingarsamfélag á sviði innflytjendamála og markvissari hagnýting á rannsóknarniðurstöðum og verkefnareynslu.

2.4.2.: Bætt aðgengi að tölfraði um innflytjendur á Íslandi

Markmið: Að bæta aðgengi að tímanlegum og samanburðarhæfum tölulegum gögnum í miklum gæðum um stöðu innflytjenda á Íslandi og þróun hennar sem styðja við rannsóknir og opinbera stefnumótun í málaflokknum.

Framkvæmd/lýsing: Á grundvelli draga að yfirliti yfir gögn um innflytjendur verða úrbótataækifæri á sviði gagnainnviða skilgreind og settar fram tillögur að nauðsynlegri uppbygginu þeirra í þeim stofnunum sem hafa það hlutverk að safna og miðla, sín á milli og til almennings, tölulegum gögnum um innflytjendur, ásamt kostnaðarmati. Í kjölfarið verður unnin áætlun um miðlun þessarar tölfraði þar sem gæði og samræmi verður tryggt.

Ábyrgð: Forsætisráðuneytið.

Dæmi um samstarfsaðila: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, Útlendingastofnun, Vinnumálastofnun, OECD, dómsmálaráðuneytið, félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, sveitarfélög og heilbrigðisstofnanir.

Hagaðilar/markhópur: Stefnumótandi aðilar, háskóla- og rannsóknarsamfélagið, innflytjendur og samfélagið í heild.

Tímabil: 2025-2026

Niðurstaða: Áreiðanlegri og samanburðarhæfari tölfræði um stöðu innflytjenda á Íslandi sem aðgengileg eru öllum hagaðilum.

2.5 - Íslenskt menntakerfi mæti námslegum og félagslegum þörfum barna og ungs fólks með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn á öllum skólastigum

2.5.1.: Samræmt verklag um móttöku, menntun og inngildingu barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn á landsvísi.

Markmið: Að þróa og tryggja menntasamfélaginu öfluga ráðgjöf, námsgögn og verkfæri, sem og stuðning til lausnar í flóknari aðstæðum.

Framkvæmd/lýsing: Þróaður verður stuðningur og þjónusta er varðar:

- a) Íslensku sem annað mál.
- b) Inngildingu og fjölmennningarlega menntun.
- c) Læsisráðgjöf og stöðumat.
- d) Foreldrasamstarf.
- e) Menntun og starfsþróun kennara og starfsfólks.
- f) Þróun og dreifingu námsgagna og annarra verkfæra.

Ábyrgð: Mennta- og barnamálaráðuneytið.

Dæmi um samstarfsaðila: Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, sveitarfélög, Samband íslenskra sveitarfélaga, háskólar, skólasamfélagið, Kennarasamband Íslands, Heimili og skóli, Móðurmál – samtök um tvítyngi.

Hagaðilar/markhópur: Börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og fjölskyldur þeirra, kennarar.

Tímabil: 2025-2028

Niðurstaða: Stuðningur, ráðgjöf, námsgögn og verkfæri því tengd eru aðgengileg um allt land með áherslu á skólaskrifstofur sveitarfélaga, leik-, grunn- og framhaldsskóla og í frístundastarfi í nærumhverfi barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

2.5.2. Efling námsgagnaútgáfu fyrir börn og ungmenni með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Markmið: Námsgögn við hæfi séu aðgengileg á öllum skólastigum.

Framkvæmd/lýsing: Eftir að lög um námsgögn hafa verið innleidd verði:

- a) Þróunarsjóður námsgagna og Námsgagnasjóður eflidir.
- b) Áhersla á útgáfu námsgagna í íslensku sem öðru tungumáli.
- c) Verkfæri til aðlögunar námsgagna fyrir börn og ungmenni með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn gerð aðgengileg.

Ábyrgð: Mennta- og barnamálaráðuneytið.

Dæmi um samstarfsaðila: Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, Samband íslenskra sveitarfélaga, skólasamfélagið, Kennarasamband Íslands.

Hagaðilar/markhópur: Nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og kennarar þeirra.

Tímabil: 2025-2028

Niðurstaða: Námsefni í íslensku fyrir börn og ungmenni með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn verður fjölbreytt og aðgengilegt um land allt.

2.5.3.: *Þróun og aukning á námsframboði framhaldsskóla fyrir börn og ungmenni með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.*

Markmið: Að auka námstækifæri barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn, jafna hlutfall þeirra sem hefja nám í framhaldsskóla í samanburði við hlutfall nemenda með íslenskan bakgrunn og vinna gegn brotthvarfi þeirra úr framhaldsskólum.

Framkvæmd/lýsing:

a) Framhaldsskólar þrói nám sem mætir þörfum barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

b) Endurskoðun aðalnámskrár framhaldsskóla.

Ábyrgð: mennta- og barnamálaráðuneytið.

Dæmi um samstarfsaðila: Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, framhaldsskólar, Kennarasamband Íslands og háskólarnir.

Hagaðilar/markhópur: Börn og ungmenni á framhaldsskólaaldri með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Tímabil: 2025-2028

Niðurstæða: Endurskoðun aðalnámskrár framhaldsskóla hefur farið fram og námsframboð framhaldsskóla mætir þörfum barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Markmið 3.1 - Framboð af hagnýtu námi í íslensku er gott og nái til landsins alls

3.1.1.: *Íslenskunám gert fjölbreytt og markvisst fyrir öll*

Markmið: Að tryggja aðgengi að fjölbreyttu íslenskunámi um allt land þar sem kostnaður við þátttöku er ekki hindrun og upplýsingar um réttindi, skyldur, námsgögn og gæði kennslu eru birt. Íslenskunám er í boði í nærumhverfi fólks eða í fjarkennslu með markvissum stuðningi. Bætt íslenskukunnátta hvetur til virkni og atvinnuþátttöku.

Framkvæmd/lýsing:

a) Réttur innflytjenda til íslenskunáms verði tryggður og ábyrgð þeirra til að ljúka íslenskunámskeiðum skýrð þar sem dregið verður úr kostnaðarþátttöku þeirra.

b) Aðgengi að starfstengdri íslenskufræðslu verði aukið og að fólk geti lært og æft íslenskt mál sem mest á vinnutíma.

c) Þróun og birting námsgagna fyrir íslenskukennslu fullorðinna byggð á Samevrópska tungumálarammanum verði aðgengileg öllum sem kenna íslensku sem annað mál.

d) Unnið verði í samstarfi við sveitarfélög, skóla og fræðsluaðila að íslenskubru fyrir fullorðna, með áherslu á foreldra grunnskólabarna.

e) Unnið verði að þróun í kennslu íslensks tákna máls sem annars máls.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.

Dæmi um samstarfsaðila: Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið, mennta- og barnamálaráðuneytið, Háskóli Íslands, Háskóla Vestfjarða, fræðsluaðilar, Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, Félag heyrnarlausra, sveitarfélög, Samband íslenskra sveitarfélaga, kennarar á ólíkum fræðslu- og skólastigum og félög þeirra.

Hagaðilar/markhópur: Innflytjendur sem eru að læra íslensku auk atvinnulífsins.

Tímabil: 2025-2028

Niðurstæða: Nám í íslensku sem öðru tungumáli er fjölbreytt, framsækið og aðgengilegt á landinu öllu. Framboð námsefnis er gott og nýjasta tækni er nýtt til að miðla þekkingu og gera æfingu í notkun málsins mögulega.

3.2 – Gæði íslenskunáms eru tryggð

Aðgerð 3.2.1. Uppbygging kennarastéttar sem kennir íslensku sem annað mál

Markmið: Fjölgun kennara með fagþekkingu í kennslu íslensku sem annars máls fyrir fullorðna með auknu aðgengi að sérhæfðu háskólanámi sem taka má samhliða kennslustörfum.

Framkvæmd/lýsing:

a) Unnið að fjölgun nýrra kennara sem útskrifast með sérþekkingu í kennslu íslensku sem annars tungumáls.

b) Skýra og kynna námsframboð á háskólastigi til að auka fagmennsku þeirra sem kenna íslensku sem annað mál út frá Samevrópskum tungumálaramma á öllum skóla- og fræðslustigum.

c) Notendaúttekt á gæðum kennslu í íslensku fyrir fullorðna unnin 2027.

Ábyrgð: Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið (a og b) og Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið (c).

Dæmi um samstarfsaðila: Háskólar, viðurkenndir fræðsluaðilar, mennta- og barnamálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, kennarar á ólíkum fræðslu- og skólastigum og félög þeirra.

Hagaðilar/markhópur: Innflytjendur, skólar og fræðslustofnanir, atvinnulífið.

Tímabil: 2025-2028

Niðurstaða: Aukin fagmennska í kennslu íslensku sem annars máls á öllum skólastigum stuðlar að útskriftum og betri íslenskukunnáttu. Kennarar sem hafa sértæka menntun, hæfni og þjálfun í kennslu í íslensku sem annars tungumáls eru við kennslu í grunn- og framhaldsskólum sem og í meirihluta áfanga og námskeiða ætluðum fullorðnum. Kennararnir hafi réttindi og færni til að beita viðmiðum Samevrópska tungumálarammans í kennslu og við mat á nemendum.

3.3 - Skilningur ríkir og hvati er til notkunar íslensku í samskiptum innflytjenda og innlendra

3.3.1. Íslenska sem samskiptamál fyrir öll

Markmið: Að auka tækifæri til notkunar á íslensku í samskiptum milli innflytjenda og innlendra og skapa tækifæri til tungumálanáms og stuðnings í gegnum almenn samskipti og markvisst í opinberum rýmum.

Framkvæmd/lýsing:

a) Sérstakt tveggja ára verkefni til að auka umburðarlyndi gagnvart fjölbreyttri notkun íslensku og að auka íslenskunotkun í samskiptum við innflytjendur hér á landi, unnið 2025-2027.

b) Sértækur stuðningur við samfélagslega mikilvæg verkefni sem stuðla að notkun íslensku í samskiptum milli innflytjenda og innlendra.

c) Rannsókn á viðhorfum innlendra og innflytjenda til tækifæra til notkunar tungumálsins og viðhorfum gagnvart íslensku millimáli, unnin í árslok 2027 eða í upphafi árs 2028.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.

Dæmi um samstarfsaðila: Menningar- og viðskiptaráðuneytið, innflytjendaráð, Vinnumálastofnun, frjáls félagasamtök, viðurkenndir fræðsluaðilar, skólar, Samband íslenskra sveitarfélaga.

Hagaðilar/markhópur: Samfélagið í heild.

Tímabil: 2025-2028

Niðurstæða: Innflytjendur upplifa að þeir hafi tækifæri til að nota tungumálið og stuðning frá þeim sem eiga íslensku að móðurmáli við að tjá sig í ræðu og riti á íslensku.

3.4 - Aðgengi og sveigjanleiki ríkir við nám í íslensku

3.4.1.: Fjölbreytt íslenskunám

Markmið: Fjölbreyttar námsleiðir til að læra íslensku séu í boði til að mæta ólíkum námsþörfum og menntabakgrunni þátttakenda. Nám sé sem mest einstaklingsmiðað og sveigjanlegt. Yfirsýn er yfir fjölbreyttar leiðir til að læra íslensku og hlutverk og ábyrgðarsvið framkvæmdar- og fjárveitingaaðila er skýrt.

Framkvæmd/lýsing:

a) Þróunarverkefni í íslenskunámi fyrir vaktavinnufólk og íslenskunám fyrir innflytjendur sem ekki hafa aðgang að barnagæslu fyrir börn undir skólaskyldualdri, hvort sem er í staðnámi eða fjarnámi.

b) Unnið verði að stuðningi við frekari þróun snjalllausna sem eru að öllu leyti opnar almenningi til þjálfunar í íslensku fyrir innflytjendur.

c) Samantekt á skilgreiningum og kennslufræðilegri þekkingu til að styðja við einstaklingsmiðað nám fullorðinna og sveigjanleika við framkvæmd náms.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.

Dæmi um samstarfsaðila: Háskólar, tækni- og menntafyrirtæki, RÚV, skólar og fræðsluaðilar, sveitarfélög og sérhæfð samtök starfsgreina.

Hagaðilar/markhópur: Fullorðnir innflytjendur, einkum fólk sem vinnur vaktavinnu, býr í dreifbýli eða er utan vinnumarkaðar með ung börn sem ekki eru í dagvistun.

Tímabil: 2025-2028

Niðurstæða: Tækifæri ólíkra hópa sem eiga þess síður kost að sækja hefðbundin og staðbundin tungumálanámskeið aukist og breiðari hópur sækir sér nám og þjálfun í íslensku.

Greinargerð

1. Inngangur

1.1. Stefna í málefnum innflytjenda

Hér er um fyrstu stefnu í málefnum innflytjenda að ræða og er henni ætlað með skýrri framtíðarsýn að leggja hornstein að samfélagsgerð á Íslandi til framtíðar þar sem ávallt er gert ráð fyrir fjölbreytileika fólks. Samfélagi sem byggir á möguleikum allra til virkrar þátttöku í samfélaginu og aðkomu ólíkra hópa að ákvarðanatöku um sameiginlega framtíð. Sett er fram skýr framtíðarsýn auk meginmarkmiða sem fylgt er eftir með markmiðum, mælikvörðum til lengri tíma og ýtt úr vör með markvissri framkvæmdaáætlun sem tekst á við þær lykiláskoranir sem samfélagið stendur frammi fyrir á sviði málefna innflytjenda. Ætla má að stefnan hafi áhrif á framtíðarstefnumótun ýmissa málaflokka á þann hátt að hugað verði að inngildandi samfélagsgerð, þar með talið innviðum og þjónustu, sem gerir ráð fyrir fjölbreytileika samfélagsins.

Íslenskt samfélag stendur frammi fyrir hröðum lýðfræðilegum breytingum þar sem hlutfall innflytjenda af heildaríbúafjölda vex hraðar en í nokkru öðru ríki innan OECD. Það hefur í för með sér ýmsar áskoranir á ólíkum sviðum og er stefnumótun því lykill að því að samhæfa aðgerðir í ólíkum málaflokkum og þar með tryggja sem bestan stuðning jafnt við innflytjendur sjálfa sem og þá innviði sem þarf til að efla inngildandi samfélag. Stefna í málefnum innflytjenda er ætlað að tryggja að markvisst sé tekið tillit til þarfa innflytjenda til jafns við aðra, fólk búi við jöfn tækifæri, mannauður sé virkjaður og ljóst sé hvaða kröfur gerðar séu til fólks og samfélagsins í heild.

1.2. Samhæfing stefna og áætlana

Virkt stefnumótun er forsenda framfara og mikilvægt að heildarsýn sé á stefnumótun í málaflokkum sem skarast. Því er mikilvægt að gæta samræmis milli gildandi áætlana og nýrra, þvert á málefnasvið, svo nýta megi bæði fjármagn og hugmyndaugi sem best til að stuðla að hagkvæmni og skilvirkni um leið og góð þjónusta er veitt og árangri náð.

Stefna í málefnum innflytjenda tengist inn í fjölda málaflokka þar sem málefni innflytjenda koma inn á alla þætti samfélagsins. Með beinum hætti tengist stefnan menntastefnu fyrir árin 2020-2030, byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036, þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024-2038 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028, fyrirhugaðri borgarstefnu og aðgerðaáætlunar í málefnum íslenskrar tungu 2023-2026.

Samhæfing við þessar áætlanir fólst einkum í breiðu samstarfi og samtali við gerð stefnunnar og framkvæmdaáætlunar þar sem rýnt var í með hvaða hætti þessar áætlanir styðja hvor við aðra og vinna að sameiginlegum markmiðum. Með því ætti ávinningur að skapast þar sem tækifæri er til betri nýtingar fjármuna, aukins gagnsæis og samvinnu málaflokka um sameiginlegar áherslur og aðgerðir.

2. Lykilviðfangsefni stefnu um málefni innflytjenda

Við vinnu að gerð stöðumats í málefnum innflytjenda sem birtust í grænbók í nóvember 2023 voru lykilviðfangsefni í málefnum greind. Til að takast á við þær áskoranir sem greindar voru verður unnið að eftirfarandi tíu lykilviðfangsefnum:

2.1. Tryggja góða og skilvirka upplýsingaþjónustu fyrir innflytjendur og flóttafólk um réttindi sín og skyldur hér á landi.

Upplýsingar eru mikilvægur þáttur í nútíma samfélagi og skapa grundvöll fyrir virkri þátttöku. Innflytjendur á Íslandi benda á mikilvægi þessa og tækifæri til eflingar á sviði upplýsingamiðlunar. Því verður unnið að því að efla ráðgjafarþjónusta fyrir innflytjendur sem fyrsta viðkomustað fólks í leit að upplýsingum. Vísir að slíkri þjónustu hefur verið í þróun undanfarin ár en hana þarf að efla til muna og tryggja gengi um allt land. Rafræna miðlun upplýsinga um réttindi og skyldur þarf að efla og gera aðgengilega í gegnum eina gátt. Á sama tíma er nauðsynlegt að opinberar stofnanir tryggji aðgengi að upplýsingum og þjónustu jafnt á einföldu máli sem og öðrum tungumálum en íslensku. Tækifæri er til að nýta lykilstaði sem hafa snertingu við marga innflytjendur markvisst til upplýsingamiðlunar og ljóst að beita þarf fjölbreyttum aðferðum til að ná til fjölbreytts hóps.

2.2. Efla kennslu í íslensku sem annars máls, tryggja aðgengi að fjölbreyttu námi fyrir ólíkan aldur og jafnt aðgengi um allt land.

Réttur til íslenskunáms fyrir innflytjendur á Íslandi hefur ekki verið tryggður með sama hætti og á hinum Norðurlöndunum og þarf að færa hann til sama vegs hér á landi og gert er í þar. Ljóst er að stórefla þarf kennslu í íslensku fyrir innflytjendur á öllum aldri. Efla þarf kennslu í íslensku fyrir börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn en ekki síður fyrir fullorðna. Þegar kemur að fullorðnum þarf við byggingu framtíðarskipulags að hafa í huga þarfir þeirra og ábendingar um íslenskunám og leggja áherslu á notendasamráð. Íslenskunám byggi á Samevrópska tungumálarammanum og innleiðing hans verði tryggð. Á sama tíma er nauðsynlegt að efla menntun og stuðning við kennara sem kenna innflytjendum íslensku og efla námsgagnagerð á öllum stigum íslenskukennslunnar. Til að byggja til framtíðar er nauðsynlegt að styðja sérstaklega við nám ungra innflytjenda til að vinna gegn brottfalli úr framhaldsskólum auk þess sem skapa þarf tækifæri til náms fyrir ungmenni með rofna skólagöngu.

2.3. Mannafloppur á íslenskum vinnumarkaði sé skilgreind og fyrirjáanleg og laði þannig til sín hæft starfsfólk jafnt innan sem utan EES.

Atvinnuþátttaka og tækifæri til að sjá fyrir sér og fjölskyldu sinni skapar grundvöll fyrir búsetu í nýju landi. Að geta horft til lengri tíma þegar flust er á milli landa eykur á samkeppnishæfni ríkja og því mikilvægt fyrir íslenskt samfélag að þekkja framtíðarhorfur á vinnumarkaði. Nauðsynlegt er að fyrir liggi greiningar til lengri og skemmri tíma á mannaflapörf á vinnumarkaði, m.a. til þess að fólk sem hingað flyst hafi skýrari upplýsingar um framtíðaratvinnuhorfur sínar. Á sama tíma þarf veiting atvinnu- og dvalarleyfa að einkennast af gagnsæi, sanngirni, trausti og skilvirkni og æskilegt að byggja sem mest á stafrænum lausnum. Nýting á mannauði skapar grundvöll fyrir hagsæld samfélaga en á Íslandi starfar fjöldi innflytjenda í störfum sem nýta ekki til fulls fyrri menntun þeirra og þekkingu. Því þarf markvissa greiningu og mat á menntun og reynslu innflytjenda sem þegar eru á íslenskum vinnumarkaði. Þekking þeirra og reynsla verði nýtt með sem bestum hætti og þeim sköpuð tækifæri til frekari menntunar og starfsþróunar. Til lengri framtíðar er jafnframt nauðsynlegt að koma á tengingu á milli veitingar atvinnuleyfa og mats á starfsréttindum þegar um er að ræða atvinnugreinar sem njóta lögverndunar eða sértækra krafna um starfsréttindi. Þannig má bæði auka á samkeppnishæfni Íslands og auka á jafnt efnahagslega sem og félagslega hagsæld.

2.4. Einfalda og efla mat á fyrra námi og starfsreynslu þeirra sem hafa menntun frá erlendum skólum með það að markmiði að fólk fái störf við hæfi og menntun og reynsla þeirra sem hingað flytjast nýtist samfélaginu til heilla.

Nýlega var komið á gátt þar sem hægt er að sækja um mat á námi úr erlendum skólum á einum stað, óháð því hvort um bóknám eða verknám er að ræða. Nauðsynlegt er að efla enn frekar þá gátt og stuðning sem er innflytjendum nauðsynlegur við umsóknir um mat á námi. Tryggja þarf stuttan og skilvirkan matstíma á erlendu námi og starfsréttindum auk þess sem efla þarf raunfærnimat. Ekki hefur farið fram ítarleg greining á efnahagslegum ávinningi þjóðarbúsins af því að bæta mat á fyrra námi og starfsreynslu og nauðsynlegt að átta sig betur á því gildi sem slíkar aðgerðir hafa.

2.5. Stefna að inngildandi samfélagi þar sem ávallt er gert ráð fyrir að innflytjendur séu þátttakendur á öllum sviðum samfélagsins.

Þar sem íslenskt samfélag hefur staðið frammi fyrir einhverjum stærstu lýðfræðibreytingum í sögu sinni á undanförunum fimmtán árum er nauðsynlegt að hugsa þjónustu hins opinbera með nýjum hætti. Innflytjendur eru um fimmtungur þjóðarinnar og gera spár ráð fyrir að þeim haldi áfram að fjölga innan stefnutímabilsins. Í opinberri þjónustu þarf því að gera ráð fyrir að fólk sem talar enga eða litla íslensku geti sótt þjónustu til jafns við aðra. Inngildandi samfélag snýst ávallt um samfélagið í heild og samhljóm innan þess og sem einkum er gert með fræðslu sem stuðlar að umburðarlyndi fyrir fjölbreytileika. Á sama tíma þarf að tryggja að innflytjendur hafi aðgengi að öflugri fræðslu um íslenskt samfélag þar sem ábyrgðarsvið á viðhaldi slíkrar fræðslu og miðlun hennar er skýrt. Hvað varðar börn og ungmenni þarf að jafna tækifæri barna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn til menntunar og efla þátttöku þeirra í tómstundum og félagsstarfi. Þá er ljóst að núgildandi lagaramma um málefni innflytjenda þarf að endurskoða heildstætt.

2.6. Tryggja aðkomu innflytjenda að ákvarðanatöku um eigin málefni.

Aðkoma ólíkra hópa að ákvarðanatöku um eigin málefni er mikilvægur hluti af lýðræðislegum stjórnarháttum. Virk þátttaka í að móta samfélagið til framtíðar hefst oftast með eflingu borgaralegs samfélags þar sem einstaka hópar hafi öflugra málsvara. Þrátt fyrir að ýmis félagsamtök innflytjenda séu starfandi hér á landi hefur rödd þeirra ekki verið nægjanlega sterk og ljóst að styðja þarf með markvissum hætti við félagsamtök innflytjenda. Þá þarf einnig að velta upp, í samstarfi ríkis og sveitarfélaga, með hvaða hætti formgera má samráð við innflytjendur líkt og gert hefur verið í málefnum eldra fólks með lögbundnum öldungaráðum og með ungmennaráðum hvað varðar málefni barna og ungmenna.

2.7. Draga úr fátækt á meðal innflytjenda.

Innflytjendur eru einn af þeim hópum samfélagsins sem eru hvað berskjaldaðastir þegar kemur að fátækt. Þeir eru jafnframt líklegri til að búa við langvarandi og dýpri fátækt en sambærilegir hópar innlendra. Að draga úr fátækt á meðal innflytjenda felst í samþættum aðgerðum á mörgum sviðum sem jafnt tengjast stöðu á vinnumarkaði, mati á fyrra námi og

starfsreynslu og þekkingu á félagslegum réttindum og stuðningi hins opinbera s.s. vegna húsnæðisbóta eða tómsunda- og frístundastyrkja. Draga þarf úr hindrunum við ráðningar til að tryggja að innflytjendur njóti jafnra tækifæra við ráðningar í opinber störf og bæði einfalda og efla mat á fyrri námi og starfsreynslu. Tryggja þarf ungum innflytjendum gott veganesti út í lífið með frekara aðgengi og stuðningi við menntun svo þeir standi jafnfætis innlendum jafningjum sínum.

2.8. Efla lýðræðisþátttöku, standa vörð um mannréttindi og jafnrétti innflytjenda.

Í lýðræðissamfélagi er mikilvægt að umræða um ólík málefni sé opin öllum. Því þarf að vinna markvisst gegn fordómum sem byggja á uppruna, trú og kynþætti, þar með talið öllum formum haturstjáningar. Slíkt byggi jafnframt á gildum samfélagsins um lýðræði, jafnrétti og virðingu fyrir almennum mannréttindum. Kynjajafnrétti sé haft að leiðarljósi og sérstaklega þarf að skoða stöðu innflytjenda kvenna á vinnumarkaði. Vinna þarf gegn heiðurstengdu ofbeldi og neikvæðu félagslegu taumhaldi auk þess að efla stuðning við fórnarlömb ofbeldis og vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum gegn ofbeldi. Innflytjendum sem búa við margþætta mismunun, s.s. vegna fötlunar og stöðu sinnar sem innflytjendur, sé gefinn sérstakur gaumur. Með því að vinna að auknum skilningi og umburðarlyndi milli ólíkra hópa samfélagsins megi stuðla að frekari lýðræðisþátttöku innflytjenda, jafnt hvað varðar kosningarétt, stjórnmaláþátttöku og tækifæri til áhrifa í samfélaginu.

2.9. Efla rannsóknir á sviði innflytjendamála og málefna flóttafólks og bæta skráningu, samræmingu og söfnun ganga svo hægt sé, til lengri tíma, að auka gæði þjónustu sem byggir á þekkingargrunni og mælanlegum markmiðum.

Í alþjóðlegum samanburði er Ísland frekar ungt land þegar kemur að fjölda innflytjenda og breytingar á samsetningu íbúa hafa verið hraðar, einkum þegar litið er til síðustu tveggja áratuga. Uppbygging og styrking fagstéttar á ólíkum sviðum innflytjendamála er því skammt á veg komin auk þess sem Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) hefur bent á ýmis tækifæri til frekari birtinga opinberrar tölfræði um innflytjendur til að samræma fyrirbyggjandi upplýsingar því sem gerist í öðrum ríkjum OECD. Fyrsta skrefið er að greina þörf á skráningum og vinna að úrbótum og samræmingu ganga er varðar innflytjendur á milli opinberra stofnana. Til að styrkja starf í þágu málaflokksins er einnig nauðsynlegt að koma á rannsóknaveitvangi og miðlun rannsókna á sviði málefna innflytjenda og flóttafólks og þannig efla hagnýtingu rannsóknarniðurstaða. Með því að vinna að þessum þáttum er unnið að þróun þjónustu og nauðsynlegum grunni til að setja mælanleg markmið sem nauðsynleg eru til að framfylgja stefnu og auka skilvirkni og ábyrga meðferð fjármuna.

2.10. Tryggja stuðningi við flóttafólk svo það nái hér rótfestu og geti byggt upp líf sitt. Áhersla sé lögð á stuðning við viðkvæmstu hópana.

Málefni flóttafólks sem hlotið hefur alþjóðlega vernd hér á landi og þess flóttafólks sem boðið er sérstaklega til landsins af stjórnvöldum er á ábyrgð félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins. Á undanförunum árum hefur verið unnið að því að samræma stuðning við fyrrgreinda hópa í samstarfi ráðuneytis, stofnana, sveitarfélaga og félagasamtaka. Þekkingu á málefnum flóttafólks hefur fleygt fram og grunnur að stuðningskerfi að norrænni

fyrirmynd verið lagður. Halda þarf áfram á þeirri braut og efla enn frekar þekkingarnet í þjónustu við flóttafólk og stuðning við móttöku flóttafólks með sérstaka áherslu á viðkvæmstu hópana. Á sviði geðheilbrigðis er sérstök ástæða til að styrkja vinnu með flóttafólki með áherslu á áfallamiðaða nálgun í þjónustu við flóttafólk og aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu fyrir þá sem þessa þurfa. Skapa þarf frekari tækifæri fyrir það flóttafólk sem fest hefur hér rætur til að styðja við þá sem hingað flytjast með eflingu á jafningjastuðningi á meðal flóttafólks. Ísland haldi áfram móttöku sérstaklega viðkvæmra hópa í boði íslenskra stjórnvalda.

3. Framtíðarsýn, meginmarkmið, markmið og mælikvarðar

3.1 Framtíðarsýn

Breytt samsetning íbúa landsins kallar á að mótuð sé skýr framtíðarsýn um samfélagsgerð Íslands til framtíðar og unnið sé með markvissum hætti að því að styrkja jafnrétti og stuðla að jöfnum tækifærum allra íbúa. Án skýrrar framtíðarsýnar er hætt á að ákvarðanir verði tilviljanakenndar og fremur viðbragð við áskorunum en að þær séu teknar til að stefna að ákveðinni samfélagsgerð og jöfnum tækifærum íbúa. Framtíðarsýn í málefnum innflytjenda tekur á einum stærstu lýðfræði- og samfélagsbreytingum sem þjóðin hefur staðið frammi fyrir. Með framtíðarsýninni er jafnframt mörkuð sú tímamótasýn, í anda þess sem tíðkast á hinum Norðurlöndunum, að efla íslenskuna sem samskiptamál sem innflytjendum er gert mögulegt að læra og njóti til þess stuðnings samfélagsins. Í framtíðarsýninni felst jafnframt möguleikinn til að dafna í fjölbreytni án þess að eitt útiloki annað um leið og fjölbreyntin leggur sameiginlegan grunn að einni samfélagsheild.

Ef ekki kæmi til framtíðarsýn með skýrum markmiðum og aðgerðum er hætt við að á Íslandi myndist aukin gjá milli innlendra annars vegar og innflytjenda hins vegar. Í grænbók og þeim lykilviðfangsefnum sem þar voru greind má sjá að ójöfnuður er nokkur milli innlendra og innflytjenda og verður ekki skýrður einvörðungu með þeim áskorunum sem fylgja því að flytjast búferlum á milli landa. Þetta sést glögglega jafnt í innlendum gögnum sem og gögnum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) þar sem bera má Ísland saman við ýmis önnur ríki þegar kemur að stöðu innflytjenda. Án stefnu og aðgerða er hætt á að í stað einnar samfélagsheildar verði aukin stéttaskipting á Íslandi og tvö aðskilin samfélög myndist sem ekki njóti sömu tækifæra til að skapa sér framtíð og lifa sjálfstæðu lífi, byggðu á virðingu fyrir mannréttindum.

3.2. Meginmarkmið

Til að tengja framtíðarsýnina skilgreindum markmiðum eru sett fram svokölluð meginmarkmið. Þau lýsa skilgreindum árangri sem ætlað er að ná, eru hugsuð til langs tíma og eru huglæg, það er að segja ekki sett fram með mælikvörðum líkt og markmiðin sem þeim fylgja. Hvert meginmarkmið er unnið út frá ólíkum stefjum eða þeim sem ætlað var að ná að kjarna lykilviðfangsefnin. Þessu meginmarkmiða eru þátttaka og fjölbreytileiki fyrir meginmarkmið eitt, upplýsingar, aðgengi og þjónusta fyrir meginmarkmið tvö og samskipti og tungumál fyrir meginmarkmið þrjú. Þannig tekur fyrsta meginmarkmiðið mið af lykilviðfangsefnum 5, 6, 7 og 8, annað meginmarkmiðið tekur mið af lykilviðfangsefnum 1, 3, 4 og 9 á meðan að þriðja meginmarkmiðinu er ætlað að ná utan um lykilviðfangsefni 2. Framtíðarsýnin og meginmarkmiðin tengjast jafnframt heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna enda eru heimsmarkmiðin algild og markmið stefnu í málefnum innflytjenda hluti af innleiðingu þeirra. Þau heimsmarkmið sem tengjast stefnu í málefnum innflytjenda eru

heimsmarkmið númer 1 um enga fátækt, númer 3 um heilsu og vellíðan, númer 4 um menntun fyrir öll, númer 5 um jafnrétti kynjanna, númer 8 um góða atvinnu og hagvöxt, númer 10 um aukinn jöfnuð og númer 11 um sjálfbærar borgir og samfélög.

Meginmarkmið 1 er að innflytjendur tilheyri og séu virkir þátttakendur í inngildandi samfélagi sem byggir á fjölbreytileika og jöfnum tækifærum. Þar er átt við eftirfarandi:

- a) Á Íslandi tilheyra innflytjendur samfélagi sem byggir á inngildingunni og fjölmenningu.
- b) Jöfnuður, jafnrétti og almenn mannréttindi eru burðarsteinn inngildandi samfélags þar sem fjölbreytileikinn er viðurkenndur og gert er ráð fyrir honum þegar tryggja skal virka þátttöku allra hópa í samfélaginu.
- c) Borin er virðing fyrir fjölbreytileika samfélagsins enda er hann drifkraftur framfara í þróun nútímasamfélaga.
- d) Inngildandi samfélag vinnur gegn ójöfnuði og fátækt.
- e) Inngilding er þáttökuhvettjandi afl þar sem innflytjendum eru sköpuð jöfn tækifæri á við aðra og þeir hvattir til virkrar þátttöku við mótn samfélagsins. Hið opinbera er leiðandi á því sviði með stefnu sinni og lagasetningu.

Meginmarkmið 1 byggir á þátttöku og fjölbreytileika sem myndar grunnstoð fyrir inngildandi samfélagi. Áhersla er lögð á að ábyrgðin á inngildandi samfélagi liggi ekki aðeins hjá innflytjendum heldur samfélaginu í heild. Tenging þess við framtíðarsýnina er því augljós enda er megináherslan þar á inngildandi samfélag og þátttöku allra í samfélaginu þar sem innviðir og samfélagsgerð stuðla að jöfnum tækifærum, óháð uppruna.

Inngilding snýst um að tilheyra og að sköpuð sé ein samfélagsheild þar sem fólk af ýmsum uppruna myndar eina heild. Til að svo megi verða þarf að gæta þess við ákvarðanatöku að einstaka hópar í samfélaginu séu ekki útilokaðir frá þátttöku heldur sé hið gagnstæða haft að leiðarljósi. Unnið verði að því að skapa jöfn tækifæri og markvisst sé ýtt undir þátttöku þeirra sem eru að ná rótfestu í nýju samfélagi.

Ef lítið er til lykilverðingsefnanna, má sjá að eins og staðan er í dag er þátttaka í samfélaginu ekki jöfn á milli innlendra og innflytjenda og ljóst að það hallar á síðarnefnda hópinn. Sést það í umfjöllun grænbókar, m.a. þegar kemur að fátækt á meðal innflytjenda, skiptingu tekna í launatíund, hlutfalli innflytjenda sem vinna störf sem ekki eru við hæfi menntunar þeirra og kosningaþátttöku innflytjenda. Hvort samfélag er inngildandi er að hluta huglægt mat sem byggir á upplifun fólks um hvort það tilheyri samfélagi og njóti tækifæra til jafns á við aðra. Þó er margt áþreifanlegt sem hefur þar bein áhrif og ljóst er að vinna þarf markvisst við að ryðja úr vegi hindrunum sem blasa við innflytjendum hér á landi svo þeir búi við jöfn tækifæri á við þá sem eru innlendir. Hluti þeirra áskorana eru áþekkar áskorunum annarra landa en aðrar eru sértækari í íslensku samhengi. Smæð samfélagsins skapar tækifæri til að ná fram örur breytingum en ýtir einnig undir mikilvægi þess að við nýtum reynslu annarra þjóða, lærum af mistökum þeirra og finnum leiðir til að staðfæra þær aðgerðir sem reynst hafa vel annars staðar til að styrkja inngildandi samfélagsgerð.

Meginmarkmið 2 er að samfélagið tryggi að innviðir mæti þörfum ólíkra samfélagshópa, þar með talið ólíkra hópa innflytjenda og miðli upplýsingum á aðgengilegan hátt. Þar er átt við eftirfarandi:

- a) Aðgengi að upplýsingum er grunnforsenda þess að innflytjendur fái notið tækifæra á vinnumarkaði og á öllum sviðum samfélagsins.

- b) Upplýsingar um íslenskt samfélag, réttindi, skyldur og opinbera þjónustu, eru aðgengilegar innflytjendum og settar fram á auðskildu máli og á nokkrum tungumálum. Miðlun upplýsinga er fjölbreytt, skilvirk, byggir á samskiptum og tekur mið af þörfum ólíkra hópa með mismikla og jafnvel enga kunnáttu í íslensku.
- c) Innviðir samfélagsins mæta breytingum samfélagsins og þörfum á hverjum tíma. Með innviðum er átt við opinbera þjónustu ríkis og sveitarfélaga í landinu.
- d) Mótun samfélagsins byggir á rannsóknum og gögnum um stöðu fólksins sem þar býr. Þar af leiðandi er mikilvægt að gögn um innflytjendur á Íslandi séu greinanleg og áreiðanleg.
- e) Erlend menntun og starfsreynsla fólks er metin að verðleikum á íslenskum vinnumarkaði og á öðrum sviðum samfélagsins þar sem hún kemur að notum. Mat á erlendri menntun og starfsreynslu er aðgengilegt, skilvirkt, gagnsætt og skýrt.
- f) Spár um mannafla- og hæfnipörf íslensks vinnumarkaðar styður við aðgengi innflytjenda að vinnumarkaðinum.

Meginmarkmið 2 byggir á upplýsingum, aðgengi og þjónustu þar sem lögð er áhersla á innviði sem markvisst styðji við inngildingu þ.e. ýti undir tækifæri og fjarlægri hindranir sem lúta að aðgengi að upplýsingum og annarri grunnþjónustu sem mikilvæg er til að lifa í samfélagi. Með þessu meginmarkmiði er lagður grunnur að tækifærum fólks til að ná rótfestu í íslensku samfélagi. Greitt aðgengi að upplýsingum eykur á sjálfstæði fólks, jafnar tækifæri og stuðlar að sjálfbærara samfélagi. Stór hluti opinberrar þjónustu snýr að aðgengi að upplýsingum og hér er lögð áhersla á að opinber þjónusta nái til allra og styðji við þarfir ólíkra hópa. Að fólk hafi tækifæri til að fá upplýsingar og öðlast skilning á réttindum sínum og skyldum í samfélaginu.

Með því að beina sjónum að viðurkenningu á menntun innflytjenda er samhliða hugað að velferð innflytjenda en ekki síður samfélagsins í heild. Í menntun er falin fjárfesting og því er það hagur samfélagsins að geta með bestum hætti nýtt þá fjárfestingu, einstaklingnum og samfélaginu til heilla. Jafnframt er horft til lengri framtíðar með því að skapa fyrirsjáanleika fyrir þá sem hafa hug á að setjast hér að með skýrri sýn um mannafla- og hæfnisþörf á vinnumarkaði og þ.a.l. framtíðarhorfum innan einstaka atvinnugreina. Mat á menntun er stórt aðgengismál að því samfélagi sem innflytjendur vilja taka þátt í að móta og samfélagið þarf að nýta til framtíðar.

Með áherslu á rannsóknir sem og söfnun og miðlun gagna er lögð áhersla á að skapa þekkingargrundvöll framfara og stuðla að vandaðri ákvarðanatöku. Á þessu sviði eru mörg tækifæri auk einfaldra leiða til úrbóta á stækkandi fræðasviði.

Meginmarkmið þrjú er að íslenskunám barna og fullorðinna byggi á fjölbreyttum leiðum, sé hvetjandi, faglegt, hagnýtt og aðgengilegt þannig að það mæti þörfum innflytjenda og samfélagsins til samskipta jafnt í samfélaginu, í námi og á vinnumarkaði. Þar er átt við eftirfarandi:

- a) Á Íslandi er þjóðtungan íslenska og íslenskt táknmál.
- b) Íslenskan er menningararfur sem standa þarf vörð um til að öll njóti jafnra tækifæra í samfélaginu.
- c) Samskipti fólks og tungumálið eru lykilar að þátttöku í samfélaginu.
- d) Innflytjendum er tryggt aðgengi að fjölbreyttu og sveigjanlegu námi í íslensku auk þess sem hvatar eru til staðar til virkrar notkunar tungumálsins.

- e) Aðgengi að tungumálanámi er tryggt, óháð búsetu og markvisst er unnið með stöðluð hæfniviðmið til að skapa fyrirsjáanleika og skilning á kröfum til tungumálakunnáttu í samfélaginu.
- f) Sérstök áhersla er lögð á gæði íslenskukennslu sem annars máls á öllum skólastigum.
- g) Vel er fylgst með árangri og hagnýtingu af íslenskukennslu á mismunandi stigum.

Samfélag snýst um samskipti og tungumálið er einn lykill að samskiptum. Þátttaka í samfélagi byggir á því að fólk hafi möguleika til samskipta og því er þriðja meginmarkmið stefnunnar byggt á þeirri framtíðarsýn að innflytjendum séu sköpuð fjölbreytt tækifæri og hvatning til að tileinka sér íslensku og íslenskt táknmál. Samtal við innflytjendur sjálfa um allt land var undanfari þeirra markmiða sem hér birtast, og þar var íslenskan eitt helsta umræðuefnið. Innflytjendur vilja læra tungumálið en telja að þá skorti tækifæri og hvatningu til að læra málið og að innflytjendur á landsbyggðinni hafi allt of fá tækifæri til íslenskunáms. Til að skapa slík tækifæri og hvatningu eru sett fram skýr markmið um framboð af námi og aðgengi með áherslu á sveigjanleika. Innflytjendur á Íslandi eru mjög fjölbreyttur hópur og því ekki ein og sama námsleiðin sem hentar öllum. Fjölbreytni gerir nám líka skemmtilegra sem skapar hvata til að halda námi áfram. Þar kemur einnig inn mikilvægi þess að samfélagið í heild sýni skilning og hvatningu til notkunar á málinu. Íslenskukunnátta verður ekki nýtt nema hér á landi og því mikilvægt að fólk sjái hag sinn í að læra tungumálið. Íslenska er þjóðinni mikilvæg og hún er sameiningartákn og menningararfur. Hún er hluti af sjálfmynd þorra þjóðarinnar og því er mikilvægt í inngildandi samfélagi að hafa í huga að íslenska er alls konar. Hún er leið til samskipta og þátttöku í samfélaginu og færni í íslenskri tungu og íslensku táknmáli því mikilvæg öllum sem hér búa, jafnt innflytjendum sem innlendum.

Ísland, ólíkt hinum Norðurlöndunum, hefur ekki byggt upp öflugt stuðningsnet við kennslu í íslensku sem annars máls. Það þýðir einnig að sem faggrein á kennsla í íslensku sem öðru máli eftir að vaxa og tækifærin því mörg. Ísland er á ákveðnum tímamótum og hefur þegar verið blásið til sóknar á þessu sviði, m.a. með aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu og vinnu við Samevrópska tungumálarammann. Því er lögð áhersla á það hér að setja skýr markmið um gæði náms og matskerfi. Slík markmið mæta bæði nemendum og kennurum af virðingu og skapa tækifæri til þróunar og rannsókna á sama tíma og lögð er áhersla á færni og notkun tungumálsins. Íslenskunám fer ekki aðeins fram í skólastofum, það fer fram með virkri notkun tungumálsins og tækifærum til að læra jafnt í leik og starfi.

3.3 Markmið og mælikvarðar

Markmið stefnunnar eru mótuð undir meginmarkmiðunum þremur og hverju markmiði fylgja mælikvarðar til að meta framþróun þess á stefnutímabilinu. Markmiðin eru í heildina sautján talsins.

3.3.1 Markmið 1.1 - Innflytjendur eru virkir þátttakendur í lýðræðislegum kosningum á Íslandi og virk þátttaka þeirra er sambærileg við samfélagið í heild.

Einn grundvallarréttur í lýðræðissamfélögum er kosningarétturinn, tækifærið til að fá með atkvæði sínu að hafa bein áhrif á það hverjir stýra samfélaginu. Aðeins þeir innflytjendur sem hlotið hafa íslenskan ríkisborgararétt hafa kosningarétt við alþingiskosningar, forsetakosningar og við þjóðaratkvæðagreiðslur. Þegar kemur að sveitastjórnakosningum eiga norrænir ríkisborgarar kosningarétt, sé lögheimili þeirra skráð í sveitarfélaginu, og aðrir erlendir ríkisborgarar, hafi þeir átt samfelld lögheimili á Íslandi í þrjú ár fyrir kjördag. Sömu ákvæði gilda um kjörgengi og þar með möguleikann á að bjóða sig fram til setu á Alþingi eða

í sveitarstjórn. Kjörsókn er þó ekki einvörðungu háð kosningarétti heldur einnig félagslegum breytum s.s. mati innflytjenda á eigin íslenskukunnáttu og búsetutíma í landinu þar sem aukin færni og lengri búseta auka líkurnar á þátttöku.

Á Íslandi byggir stjórn ríkis og sveitarfélaga á fulltrúalýðræði þar sem áhersla er lögð á að kjörnir fulltrúar endurspegli þverskurð þjóðarinnar eða sveitarfélagsins. Til að slíkt markmið náí fram að ganga þurfa innflytjendur að eiga fulltrúa jafnt í sveitarstjórnnum sem og á Alþingi í sama eða svipuðu hlutfalli og hlutfall þeirra í samfélaginu. Ein leið til að ná betur til innflytjenda og tryggja aðkomu þeirra til jafns við aðra að ákvarðanatöku er að hafa til ráðgjafar sérstök innflytjendaráð. Slíkt er þó ekki lögbundið á sveitarstjórnastigi en er góð leið til að ná til fleiri íbúa.

Ljóst er að til að ná fram breytingum á núverandi stöðu þarf að fara í markvissar aðgerðir til að fræða fólk um rétt sinn og virkja áhugasama innflytjendur til þátttöku í stjórnmalum. Þannig deilir samfélagið sem heild sýn á lýðræðisleg gildi og þann samfélagsramma sem mótaður er með ákvörðunum á sveitarstjórnastigi og lagasetningu Alþingis. Verði þátttaka innflytjenda áfram líkt og nú er hætt við aukinni jaðarsetningu og gjá milli innlendra og innflytjenda.

3.3.2. Markmið 1.2 - Innflytjendur hafa jöfn tækifæri á við aðra til samfélagslegrar þátttöku.

Tækifæri til þátttöku í samfélagi hefur áhrif á vellíðan fólks og upplifun þess af stöðu sinni í samfélaginu. Virkni eykur á vellíðan sem eykur seiglu fólks til að takast á við áskoranir og áföll. Samfélagsþátttaka hefur á margþættan hátt forvarnagildi, jafnt sem snýr að líkamlegri og andlegri heilsu fólks. Ef litið er sérstaklega til barna og unglinga er þátttaka í íþrótt- og tómstundastarfi mikilvæg til að efla félagsfærni og sjálfsmynd þeirra. Skipulagt íþrótt- og tómstundastarf hefur vaxið hér á landi á undanförunum árum og er nú hluti af umhverfi meginþorra barna á Íslandi. Margt bendir til þess að fyrir innflytjendur styrki þátttakan ekki einvörðungu félagsfærni og sjálfsmynd heldur sé hún jafnframt mikilvægur hlekkur í tungumálanámi barnanna og efla þau í færni í íslensku.

Þegar ungmenni lenda utan náms og vinnu getur það haft langtímaáhrif á tækifæri þeirra og atvinnuhorfur til framtíðar. Það að vera óvirkur getur leitt til félagslegrar einangrunar og þá aukast líkur á að ungmennin lendi bæði í félagslegri og fjárhagslegri fátækt. Því er mikilvægt að fylgjast vel með og virkja sérstaklega þau ungmenni sem lenda í þessari stöðu til að koma í veg fyrir jaðarsetningu þeirra til lengri tíma.

Hjá fullorðnum er atvinnuþátttaka einn af hornsteinum félagslegrar þátttöku. Hér á landi er atvinnuþátttaka innflytjenda mun meiri en innflytjenda í öðrum norrænum ríkjum. Það verður að teljast einn af styrkleikum íslensks samfélags og vinnumarkaðar þegar kemur að inngildandi þáttum samfélagsins. Hafa ber í huga að flóttafólk nýtur ákveðinnar sérstöðu vegna stöðu sinnar og almennt er atvinnuþátttaka þess fimm árum eftir verndarveitingu minni en annarra innflytjenda. Koma þar m.a. til fyrri áföll auk þess sem íslensk stjórnvöld leggja áherslu á að taka á móti sérstaklega viðkvæmum hópum. Þrátt fyrir góða þátttöku innflytjenda á vinnumarkaði er þó margt sem bendir til þess að þeir séu líklegri til að missa vinnuna en innlendir og að staða þeirra á vinnumarkaði sé viðkvæmari (sjá nánar í kafla 3.6.4 í grænbók). Markvissar aðgerðir til að vinna gegn hindrunum á vinnumarkaði leiða því til jafnari stöðu.

Gert er ráð fyrir að mæla sérstaklega líðan og samfélagslega þátttöku innflytjenda. Slík könnun hefur ekki verið framkvæmd að undanskilinni könnun á líðan og samfélagslegri þátttöku innflytjenda á meðal eldri borgara sem félags- og vinnumarkaðsráðuneytið lét vinna árið 2023.

Með því að vinna með lykilhætti í samfélagslegri þátttöku og virkni má vinna gegn mögulegri jaðarsetningu og auka lífsgæði og velferð innflytjenda. Virkni fólks á einu sviði eykur líkur á virkni þess á fleiri sviðum, eykur almennt vellíðan fólks og felur því í sér samfélagsauð. Þær aðgerðir sem falla að markmiði 1.2 eru fjölbreyttar en hér er lögð áhersla á ofangreinda þætti, þ.e. tómstundir og virkni barna og ungmenna og atvinnuþátttöku fullorðinna.

3.3.3. Markmið 1.3 - Viðhorf til innflytjenda er gott og skilningur almennings á hugtökunum fjölmennning og inngilding er góður í samfélaginu.

Hvort fólk upplifir samfélag sem inngildandi eða ekki byggir að stórum hluta á þeim viðhorfum sem fólk mætir eða upplifir. Þetta á við bæði um innflytjendur og innlenda og því er mikilvægt að þeir sem hingað flytjast upplifi sig velkomna og sem hluta af samfélaginu. Jafnframt er mikilvægt að þeir sem hér búa fyrir upplifi að innflytjendur séu og eigi að vera hluti af samfélagi sem nýtir sér gæði fjölbreytileikans.

Með því að mæla viðhorf reglulega má greina ef viðhorfsbreyting verður sem leitt getur til jaðarsetningar innflytjenda og verið hindrun í leiðum að framtíðarsýn stefnu í málaflokknum. Núverandi könnun mælir afstöðu fólks til fjölda innflytjenda og áhrifa þeirra á samfélag og efnahagslíf. Mikilvægt er að þróa viðhorfskönnunina frekar svo hún nái til fleiri breytna en hún hefur gert fram að þessu og veiti þannig dýpri samanburð. Með reglulegum mælingum gefst tækifæri til að bregðast við niðurstöðum með markvissum hætti í gegnum aðgerðaáætlanir, sé þróun viðhorfa í samfélaginu neikvæð. Þar skiptir tíðni mælinga töluverðu máli en gert er ráð fyrir mælingum á tveggja ára fresti, þeirri næstu árið 2025.

3.3.4 – Markmið 1.4 - Fátækt meðal innflytjenda er ekki meiri en almennt í samfélaginu.

Fátækt fylgir samfélagslegur kostnaður, hvort sem litið er til skemmri eða lengri tíma. Fátækt dregur úr lífsgæðum og möguleikum fólks til sjálfstæðs lífs. Almennt er það markmið stjórnvalda að draga úr fátækt og vegna greiningar á viðkvæmri stöðu innflytjenda þegar kemur að fátækt er nauðsynlegt að fylgjast sérstaklega með þróun fátæktar meðal innflytjenda. Í tilfelli innflytjenda eru bein tengsl á milli fátæktar og stöðu á vinnumarkaði, þ.m.t. mati á menntun, möguleikum á að fá kennslu og auka færni sína í íslensku, þekkingu á réttindum og samfélagslegri þátttöku. Mælikvarðarnir og þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að hreyfa við núverandi stöðu tengjast því öðrum mælikvörðum stefnunnar. Sé ekki unnið markvisst að jöfnun á stöðu innflytjenda og annarra þegar kemur að fátækt er hætta á að margþætt mismunun aukist ásamt jaðarsetningu innflytjenda og lakari tækifærum innflytjenda barna sem búa við fátækt.

3.3.5. Markmið 1.5 - Innflytjendur sinna störfum hjá ríki og sveitarfélögum.

Jöfn tækifæri á vinnumarkaði eru einkar mikilvæg í mótun inngildandi samfélags. Í stefnu hins opinbera er mikilvægt að ríki og sveitarfélög leiði með góðu fordæmi og að starfsfólk endurspegli fjölbreytileika samfélagsins. Opinberir aðilar hugi í starfsmannastefnu sinni að þeim þáttum sem skapað geti hindranir fyrir einstaka hópa, s.s. innflytjendur, og með hvaða hætti vinna megi gegn þeim. Með slíkri nálgun gefst einnig tækifæri til að nýta með betri hætti menntun og mannauð meðal innflytjenda. Þeir eru eins og staðan er í dag líklegri en innlendir til að sinna störfum þar sem menntun þeirra og starfsreynsla nýtist ekki þrátt fyrir að menntunarstig þeirra sé sambærilegt við innlenda skv. gögnum OECD. Fjölbreytileiki samfélagsins þarf að birtast í störfum hjá ríki og sveitarfélögum.

3.3.6. *Markmið 1.6 - Fjölbreytileiki samfélagsins er sýnilegur í opinberum fjölmiðlum.*

Sýnileiki er hluti þess að skapa fyrirmyndir og hefur samfélagslega mikla þýðingu. Sem almannamiðill hefur RÚV ríkara hlutverki að gegna gagnvart almenningi en aðrir fjölmiðlar en jafnframt tækifæri til að ryðja brautina, vera afl jákvæðra breytinga, auk þess sem stefna miðilsins endurspeglar fjölbreytileika samfélagsins. Sem almannafjölmiðill miðlar RÚV fréttum, fróðleik, menningu og listum jafnt í útvarpi, sjónvarpi og á vefnum. RÚV er því kjörinn vettvangur fyrir sýnileika og lykill að því að auka notkun innflytjenda á því efni sem miðlað er til íbúa landsins. Það gerir RÚV m.a. með því að tryggja að ólíkir hópar í samfélaginu séu sýnilegir og hafi rödd. Nauðsynlegt er að almannamiðill endurspegli fjölbreytileika samfélagsins og starfi í þágu allra hópa sem geta lagt traust sitt á starf stofnunarinnar. Með mælingum á sýnileika og þátttöku innflytjenda í umræðum í dagskrá RÚV skapast tækifæri til að vinna markvisst að því að endurspeglar fjölbreytt viðhorf að meðtöldum ört stækkandi hópi innflytjenda hér á landi.

3.3.7. – *Markmið 2.1 - Árangursrík og fjölbreytt upplýsingaþjónusta fyrir nýja íbúa.*

Við upphaf búsetu er það innflytjendum mjög mikilvægt að geta á skilvirkan og einfaldan hátt aflað sér upplýsinga um samfélagið, réttindi sín og skyldur. Ýmsar hagnýtar upplýsingar um grunnþjónustu eru mikilvægar í upphafi búsetu í nýju landi og eru leiðarvísir um kerfið. Eftir því sem líður á búsetuna breytast upplýsingaþarfir þar til viðkomandi þarf ekki lengur á sértækum stuðningi að halda við upplýsingaöflun.

Upplýsingar eru valdeflandi og auka á sjálfstæði fólks og gera því kleift að taka upplýstar ákvarðanir um jafnt smáa sem stóra þætti í lífi sínu. Í opnu samtali félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins með innflytjendum um land allt lögðu þeir ríka áherslu á skilvirka upplýsingagjöf til að komast sem fyrst inn í samfélagið. Ítrekað var nefnt að það sé bæði flókið og tímafrekt að afla sér nauðsynlegra upplýsinga. Með einni upplýsingagátt sem vísar áfram til stofnana ríkis og sveitarfélaga, sem bera ábyrgð á opinberri þjónustu, má tryggja að innflytjendur hafi jafnt aðgengi að öruggum upplýsingum. Skortur á aðgengi að upplýsingum getur leitt af sér misskilning og getur aukið hættuna á að upplýsingar berist áfram sem munnmæli og með reynslu manna á milli. Það eykur hættuna á að misfarið sé með upplýsingar og rangar leiðbeiningar séu gefnar sem geta haft áhrif á réttarstöðu viðkomandi hér á landi, t.a.m. varðandi réttindi sem tengjast lögheimili.

3.3.8 – *Markmið 2.2 - Öflugur og snemmtækur stuðningur við flóttafólk.*

Á öllum Norðurlöndunum er við lýði einhvers konar kerfi sem styður við inngildinguna flóttafólks og styður það við að ná rótfestu í nýju landi. Lítið er svo á að vegna stöðu sinnar þurfi flóttafólk, umfram aðra innflytjendur, á sértækum stuðningi að halda við að taka fyrstu skref sín í nýju samfélagi. Hér á landi er slík þjónusta veitt í samstarfi félagsþjónustu, Vinnuálastofnunar og félagasamtaka sem mynda samfellu í stuðningi í móttöku flóttafólks. Stuðningurinn þar er, líkt og almennt í stuðningi félagsþjónustu, sniðinn að þörfum hvers notanda. Markmið þjónustunnar er að tryggja flóttafólki nauðsynlega aðstoð til að vinna úr áföllum og að það fái tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu, hvort sem það er á vinnumarkaði, vegna menntunar eða á öðrum sviðum. Því er mikilvægt að mæla þátttöku í svo víðtæku stuðningsverkefni. Gert er ráð fyrir að flest flóttafólk þurfi á slíkum stuðningi að halda, þó ávallt geti einhver hluti flóttafólks náð rótfestu án sértæks stuðnings. Þá skiptir einnig máli að stuðningur sé öflugur við upphaf búsetu sem skýrir áherslu á tilvísanir innan ákveðinna tímamarka. Íslenskunám, samfélagsfræðsla og stuðningur við að komast á vinnumarkað styðja við starf sem unnið er innan félagsþjónustu en standa jafnframt öllu

flóttafólki til boða, óháð því hvort það þiggur aðstoð félagsþjónustunnar eða ekki og því æskilegt að mæla þá þætti sérstaklega. Börn njóta þó ávallt stuðnings í gegnum skólakerfið, óháð því hvort forráðamenn þeirra þiggi stuðning í móttöku flóttafólks eða ekki og fellur sá stuðningur undir mælikvarða 2.5.

Hættan við að veita flóttafólki ekki snemmtækan stuðning felst í að án stuðnings eru meiri líkur á að það taki fólk lengri tíma að ná rótfestu og virkni í samfélaginu og atvinnuþátttaka verði minni. Slíkt getur loks aukið á líkur á því að fólk komist aldrei inn í samfélagið og þurfi á velferðarþjónustu að halda til lengri tíma með tilheyrandi kostnaði fyrir einstaklingana og samfélagið.

3.3.9. – Markmið 2.3 - *Nám frá erlendum skólum er metið til starfsréttinda á Íslandi og raunfærnimat er nýtt til að meta færni og reynslu innflytjenda.*

Nám er fjárfesting, jafnt af hálfu þess sem leggur stund á nám og þess ríkis sem greiðir fyrir menntakerfið sem gerir námið mögulegt. Mikilvægt er að nýta þessa fjárfestingu með sem bestum hætti, jafnt samfélaginu og einstaklingnum til hagsbóta. Staðreyndin er sú að margir innflytjendur eiga í erfiðleikum með að fá prófgráður sínar, menntun og starfsreynslu metna hér á landi. Mat á menntun getur tekið langan tíma og í sumum tilfellum hamlað því að hægt sé að ráða innflytjendur í störf sem hæfa menntun þeirra og reynslu. Markmiðið tengist markmiði 2.1 þar sem fólk verður að hafa skýrar upplýsingar og leiðbeiningar um hvert beri að leita við mat á námi. Þá er jafnframt vert að taka fram að mælikvarði markmiðsins nær ekki til fimmtu stoðar menntakerfisins, þ.e. framhaldsfræðslu og raunfærnimats eða aðgengis innflytjenda að því.

Nýlega var opnuð ein þjónustugátt til að fá mat á námi hér á landi en þar er bæði sótt um mat á námi í verknámsgreinum og háskólanámi. Til að mæla ávinning þeirrar ráðstöfunar og halda áfram að efla mat á námi er nauðsynlegt að setja upp mælikvarða. Með því gefst jafnframt tækifæri til að mæla hvers konar frávik sem komið geta upp á mati á námi og efla þannig matskerfið og gera það skilvirkara.

Almennt í Evrópu er nokkur munur á hlutfalli menntaðs fólks sem sinnir störfum sem ekki krefjast sértækrar menntunar á milli innflytjenda og innlendra. Er talið að innan Evrópusambandsins sé um þriðjungur innflytjenda í þessari stöðu sem er um 12% herra en á meðal innlendra. Þetta bil er þó einna mest á Norðurlöndunum og er mjög hátt hér á landi en 35% innflytjenda eru í þessari stöðu samanborið við 11% innlendra. Því er ljóst að fjöldi fólks sem starfar á íslenskum vinnumarkaði nýtir ekki menntun sína sem skyldi og því er það mikið tap fyrir samfélagið að ná ekki að nýta menntun fólks sem þegar er virkt á vinnumarkaði. Hér eru tækifæri til úrbóta þó nokkur.

Hættan sem getur skapast, sé matsferlið tímafrekt og flókið, er að þeir erlendu sérfræðingar sem íslenskt atvinnulíf hefur þörf fyrir, velji frekar að setjast að í öðrum löndum enda samkeppni um þekkingu mikil. Óbreytt kerfi getur því haft neikvæð áhrif á samkeppnishæfi Íslands auk þess að jaðarsetja fólk sem vinnur störf þar sem menntun þess nýtist síður og þar með takmarkað þau tækifæri sem það nýtur.

Að sama skapi er mikilvægt að þeir sem hafa stutta formlega menntun hafi tækifæri til að fá starfsreynslu metna sem og að kanna færni sína, hyggist þeir hefja nám og afla sér frekari réttinda hér á landi. Fjölbreytt raunfærnimatsverkefni séu nýtt þar sem fyrri starfsreynsla, þekking og þátttaka í félagsstörfum er metin til frekara náms eða starfsþróunar. Raunfærnimat er mikilvægur þáttur í að styðja innflytjendur í að ná rótfestu í nýju samfélagi og halda áfram að þróa tækifæri sín í heimi hraðrar tækniþróunar og breytinga á vinnumarkaði. Slík tækifæri

þurfa að standa jafnt innflytjendum sem innlendum til boða og styðja þannig við farsæla þróun samfélags og vinnumarkaðar.

3.3.10. – Markmið 2.4 - Virkar rannsóknir á sviði innflytjendamála og miðlun rannsóknarniðurstæðna.

Hröðum samfélagsbreytingum, líkt og fjölgun innflytjenda, fylgja ýmsar áskoranir sem jafnt mæta þeim hópi sem um ræðir sem og samfélaginu í heild. Fram kemur í stöðumati grænbókar í málefnum innflytjenda og flóttafólks að nauðsynlegt sé að efla rannsóknir á sviði innflytjendamála og málefna flóttafólks og bæta skráningu og söfnun ganga svo hægt sé, til lengri tíma, að auka gæði þjónustu sem byggir á þekkingargrunni og mælanlegum markmiðum. Stuðningur við rannsóknir, gagnasöfnun og markviss mæling á árangri renna styrkari stoðum undir verkefni og ákvarðanir til framtíðar. Skort hefur upp á miðlun rannsókna og að þeir sem starfa dags daglega að málefnum innflytjenda geti hagnýtt sér niðurstöður innlendra rannsókna. Því er ljóst að byggja þarf brú þarna á milli og er þriðji mælikvarði markmiðsins mikilvægur hvað það varðar. Þá er ljóst að þróa þarf mælikvarða um fjármagn til rannsókna betur þar sem þeir sjóðir sem nú eru tileinkaðir málefnum innflytjenda styðja bæði við verkefni og rannsóknir.

Verði ekki breyting á fjölda rannsókna og miðlun niðurstæðna er hætt við að framfarir á sviði málaflokksins verði hægari og ákvarðanataka ekki byggð á eins traustum grunni og ef rannsókna nýtur við.

3.3.11- Markmið 2.5 - Íslenskt menntakerfi mæti námslegum og félagslegum þörfum barna og ungs fólks með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn á öllum skólastigum.

Íslenska skólakerfið þarf að mæta betur náms- og félagsþörfum nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og kemur það skýrt fram í Menntastefnu 2030. Börnum með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn vegnar verr í íslensku skólakerfi en innlendum jafnöldrum þeirra og hefur munurinn tilhneigingu til að aukast með hækkandi aldri nemenda. Ungmennni úr þessum hópi eru líklegri til að hverfa frá námi í framhaldsskóla en innlendir jafnaðrar þeirra. Íslensk stjórnvöld hafa þegar sett sér markmið um að efla útgáfu námsefnis, jafna stöðu barna og ungmenna með ólíkan bakgrunn óháð búsetu og leggja áherslu á vellíðan og íslenskufærni þeirra á grunn-, framhalds- og háskólastigi. Þetta er gert til að jafna stöðu barna og ungmenna óháð uppruna og gefa þeim jöfn tækifæri til náms á öllum skólastigum. Aðgangur að menntun er jafnframt aðgangur að velferð og möguleikum til framtíðar.

Sé ekki unnið að jöfnun tækifæra á þessu sviði eykst hætta á aukinni stéttaskiptingu milli fólks af ólíkum uppruna og jaðarsetningu ungra innflytjenda, sem vinnur gegn markmiðum stefnu þessarar.

3.3.12 Markmið 2.6 - Staða innflytjenda á húsnæðismarkaði er sambærileg öðrum.

Með auknum íbúafjölda eykst þörf á íbúðarhúsnæði en á undanförunum árum hefur fjölgun íbúðarhúsnæðis ekki haldið í við fjölgun íbúa. Öruggt húsnæði er ein af grunnþörfum fólks og skiptir miklu máli að hafa tryggt húsnæði sé ætlunin að ná rötfestu í nýju samfélagi og takast á við þær áskoranir sem flutningur á milli landa hefur í för með sér. Innflytjendur eru í hærra hlutfalli á leigumarkaði en innlendir, sem sérstaklega í upphafi búsetu getur verið eðlilegt. Þar má einnig nýta samanburð við önnur Norðurlönd og önnur OECD-ríki. Innflytjendur eru einnig líklegri til að þekkja ekki rétt sinn til húsnæðisbóta og líklegri til að búa í húsnæði sem ekki er ætlað sem íbúðarhúsnæði, sem leiðir til þess að ekki er fyrir hendi réttur til

húsnæðisbóta. Staða innflytjenda á húsnæðismarkaði er því mælikvarði á möguleika þeirra til að ná rótfestu auk þess sem aðstæður á húsnæðismarkaði hafa áhrif á velferð fólks. Með mælikvörðunum má fylgjast með hvort staða innflytjenda á húsnæðismarkaði batni frá því sem nú er og fjallað er um í kafla 3.3.2 í grænbók um málefni innflytjenda og flóttamanna. Með því að fylgjast með vanskilum vegna húsnæðis má sjá hvort húsnæðiskostnaður sé í meiri mæli íþyngjandi fyrir innflytjendur en innlenda. Húsnæðismál og framboð, jafnt af leiguhúsnæði og íbúðarhúsnæði til kaups, skipta alla íbúa máli. Hér er þó hætt á að í erfiðri stöðu á húsnæðismarkaði standi innflytjendur hallari fæti en aðrir íbúar. Ein leið að lausn er að tryggja með betri hætti að innflytjendur séu meðvitaðir um réttindi sín varðandi stuðning sem sækja þarf um sérstaklega, s.s. vegna húsnæðisbóta.

Húsnæðisöryggi er lykill að inngildandi samfélagi og ójöfnuður á húsnæðismarkaði hefur því neikvæð áhrif bæði á fjárhagslega og félagslega velferð fólks.

3.3.13. Markmið 3.1 - Framboð af hagnýtu námi í íslensku er gott og nái til landsins alls.

Aðgengi að íslenskunámi er ein af helstu áskorunum innflytjenda að þeirra eigin sögn. Samdóma álit er að byggja þurfi upp mun öflugra og fjölbreyttara lærdómsumhverfi sem nær til landsins alls og er markmiðum um framboð og hagnýtingu ætlað að ná því fram. Það er sameiginlegur hagur allra að möguleikar til náms í íslensku og íslensku táknmáli séu fyrir hendi enda er tungumálið leið til samskipta í íslensku samfélagi. Ljóst er að til að markmiðið náist þarf að auka framboðið og fjölbreytnina. Að öðrum kosti er líklegt að innflytjendur fái takmörkuð tækifæri til náms og notkunar tungumálsins. Slíkt hefði víðtæk áhrif á samskipti og jöfnun tækifæra í samfélaginu auk þess sem líklegt er að slíkt leiði enn frekar til notkunar ensku sem samskiptamáls. Hvað varðar íslenskunám á vinnustað skiptir viðhorf vinnuveitenda miklu máli og þar þarf að ná samstarfi til að framfylgja markmiðinu.

3.3.14. Markmið 3.2 - Gæði íslenskunáms er tryggt.

Með markmiði um að tryggja beri gæði íslenskunáms eru lögð viðmið fyrir þróun ört vaxandi kennsluviðs. Með því er ekki átt við að kennsla í dag mæti ekki slíkum viðmiðum, heldur að skort hafi ramma til samanburðar og því erfitt að fá heildarsýn yfir gæðamál er kemur að stöðu kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Til að af þessu verði er nauðsynlegt að halda áfram og mögulega hraða innleiðingu á kennslu- og færniviðmiðum Samevrópska tungumálarammans auk þess sem efla þarf tækifæri til sérnáms kennara í íslensku sem annars tungumáls. Gæði náms verða þó aldrei meiri en upplifun þeirra sem námið nýta og því er mikilvægt að fá fram raddir notenda með reglubundnum hætti til að skapa tækifæri til enn frekari þróunar í íslenskukennslu innflytjenda. Með slíkum viðmiðum má einnig tryggja ábyrga ráðstöfun á opinberu fé sem varið er til stuðnings við íslenskunám innflytjenda. Án viðmiða er ekki hægt að tryggja slíkt né gæta jafnræðis á milli nemenda sem sækja námskeið ólíkra fræðsluaðila.

3.3.15. Markmið 3.3 - Skilningur ríkir og hvati er til notkunar íslensku í samskiptum innflytjenda og innlendra.

Markmiðið þetta er sett í þeim tilgangi að mæta röddum innflytjenda sem telja að almennt skorti á skilning íslenskumælandi fólks þegar kemur að tækifærum til að tjá sig á íslensku á meðan að fólk er að læra tungumálið. Að sama skapi eru raddir sem telja að innflytjendur noti ekki íslensku og ýmsar ástæður taldar liggja þar að baki. Til að skilja áskorunina sem samskiptin snúast um er nauðsynlegt að þekkja viðhorf bæði þeirra sem eiga íslensku að móðurmáli og innflytjenda sem nota íslenskt millimál á viðhorfum til tækifæra til að nota

íslensku og þeim upplifunum sem þar fylgja. Mælikvarðanum er því ætlað að leggja grunn að nýrri sýn á að nota alls konar íslensku og upplifunar fólks hvað það varðar. Sé ekki stuðlað að skilningi og hvötum milli móðurmálshafa og þeirra sem nýta íslenskt millimál er hætta á að samskipti innflytjenda og innlendra fari að mestu fram á ensku sem gera má ráð fyrir að í mörgum tilfellum væri þriðja mál í samskiptum.

3.3.16. Markmið 3.4 - Aðgengi og sveigjanleiki ríkir við nám í íslensku.

Markmiði þessu er ætlað að mæta með ítarlegri hætti nauðsyn fyrir framboð á námi og að námstækifærin séu í senn fyrir hendi en einnig aðgengileg. Markmið 3.4 kallast þannig á við markmið 3.1 um framboð sem mælt er í fjölda námskeiða. Hér er lögð áhersla á tíma, s.s. tíma dags svo að fólk í ólíkum störfum með ólíkan vinnutíma, t.d. vegna vaktavinnu eða eðlis starfs, hafi tækifæri til að sækja nám í íslensku. Að staðsetning ein og sér komi ekki í veg fyrir íslenskunám enda er Ísland dreifbýlt og víðfeðmt land og fjarnám því í einhverjum tilfellum eina mögulega lausnin auk þess sem sá möguleiki hentar mörgum, t.d. barnafólki og vaktavinnufólki. Snjalllausnir eru nýttar sem mikilvægt stöðtæki við tungumálanám og þróunin er ör hér á landi þegar kemur að snjalllausnum. Aðgengi að slíkum lausnum er lykill að því að margir geti nýtt sér slíkt og því er áhersla lögð hér á þær snjalllausnir sem aðgengilegar eru almenningi. Með þessu markmiði eru sköpuð mikilvæg tengsl milli framboðs og gæða annars vegar og aðgengis hins vegar. Ef aðgengismál eru ekki bætt er hætt við að íslenskunám nái til mun færri innflytjenda en ella og að munur á aðgengi milli landsbyggðar og SV-hornsins haldist óbreytt frá því sem nú er.

3.3.17. Markmið 3.5 - Matskerfi íslenskukunnáttu er samræmt.

Markmið um víðtæka notkun Samevrópska tungumálarammans sem viðmiðs um mat á færni er sett til að skapa gagnsæi og stöðluð viðmið. Kostur við þennan mælikvarða er að hægt er að bera saman færni í ólíkum tungumálum og hann auðveldar bæði setningu viðmiða um tungumálafærni og skýrleika um hvaða færni er óskað þegar gerð er krafa um tungumálakunnáttu. Með notkun Samevrópska tungumálarammans er auðveldara fyrir þá sem eru að læra íslensku að vita hvaða kröfur eru gerðar til færni þeirra, s.s. vegna umsókna um nám eða störf. Notkun slíks mælitækis er því hvetjandi og eykur fyrirsjáanleika í kröfum þegar kemur að námi og færni í íslensku sem öðru tungumáli á vinnumarkaði.

4. Framkvæmdaáætlun til fjögurra ára

Aðgerðum í framkvæmdaáætlun er ætlað að hreyfa við þeim mælikvörðum sem liggja til grundvallar í stefnunni. Innflytjendaráð, sem skipað er af félags- og vinnumarkaðsráðherra samkvæmt 4. gr. laga um málefni innflytjenda nr. 116/2013, vann að gerð aðgerða út frá þeim markmiðum sem áður höfðu verið lögð í drögum að stefnu í hvítbók. Fyrsti fundur um aðgerðir fór fram í apríl 2024 og lauk yfirferð ráðsins í ágúst. Ráðið kom alls 11 sinnum saman við móttöku aðgerða. Aðgerðirnar voru allar unnar í samráði við þau fagráðuneyti og stofnanir sem bera ábyrgð á framkvæmd þeirra. Framkvæmdaáætlunin tekur gildi þann 1. janúar 2025 og leysir af hólmi núverandi áætlun, nr. 29/152 þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2022-2025, sem samþykkt var á Alþingi þann 16. júní 2022.

Framkvæmdaáætlunin er unnin til fjögurra ára sbr. ákvæði fyrrgreindra laga um málefni innflytjenda. Því er fyrirséð að auk þessarar fyrstu áætlunar þurfi að vinna þrjár framkvæmdaáætlanir til viðbótar á stefnutímabilinu. Aðgerðir taka mið að því að um er að ræða upphaf 15 ára vegferðar og ljóst er að taka mun tíma að innleiða ýmis úrbótatækifæri auk þess sem áfram verður þörf á að bregðast við breytingum í samfélaginu.

Aðgerðir framkvæmdaáætlunarinnar eru 26 talsins og settar fram í tengslum við markmið stefnunnar og til þess gerðar að ná fram markmiðum hennar. Í framkvæmdaáætluninni er ekki sett fram aðgerð vegna markmiðs 1.6 um sýnileika fjölbreytileika samfélagsins í opinberum fjölmíðlum. Ástæðan er sú að markmiðið og aðgerðir sem ætlað er að framfylgja markmiðinu eru settar fram í nógildandi stefnu RÚV þar sem kemur m.a. fram að RÚV beri að endurspegla fjölbreytileika samfélagsins í dagskrá og allri starfsemi. Þar er aukin heldur sú skuldbinding að greina þarfir mismunandi hópa og auka samráð við hagaðila til þess að þjóna fjölbreyttu samfélagi. Sérstaklega er litið til þátta sem snúa að kynjum, aldri, fötlun, kynhneigð, kynvitund og uppruna, í samræmi við stefnu Sambands evrópskra sjónvarpsstöðva um áherslu á fjölbreytileika. Þá er ekki sett fram aðgerð vegna markmiðs 3.5 um samræmingu .matskerfis á íslenskukunnáttu vegna þess að aðgerð 4 í þingsályktun um aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu 2024-2026 tekur á því markmiði.

4.1. - Markmið 1.1 - Innflytjendur eru virkir þátttakendur í lýðræðislegum kosningum á Íslandi og virk þátttaka þeirra er sambærileg við samfélagið í heild.

Aðgerð 1.1.1 Lýðræðisþátttaka og lýðræðisfræðsla

Með aðgerð 1.1.1 er ætlunin að hvetja innflytjendur til þátttöku í lýðræðislegum kosningum og fræða um lýðræðislegt skipulag og stjórnarhætti hér á landi. Fyrirkomulag kosninga og kosningakerfi eru breytileg milli landa og nauðsynlegt er fyrir innflytjendur að fá upplýsingar um rétt sinn hér á landi. Kjörgengi er ólíkt eftir því hvort um er að ræða sveitastjórnarkosningar eða kosningar til Alþingis, forseta og þjóðaratkvæðagreiðslur. Greiningar á kjörsókn hafa sýnt að töluverður munur er að þátttöku innflytjenda og innlendra í öllum kosningum. Ein af þeim leiðum sem fara má til að ná fram fjórðungs aukningu kosningaþátttöku meðal innflytjenda er að upplýsa fólk markvisst um rétt sinn til þátttöku og um almennt fyrirkomulag kosninga á Íslandi enda hefur komið fram í stefnumótunarvinnunni að innflytjendur skortir upplýsingar um kosningarétt sinn.

Í a-lið aðgerðarinnar er gert ráð fyrir að Þjóðskrá leiði vinnu við að koma á kerfi sem gerir það mögulegt að senda rafrænar upplýsingar til þeirra innflytjenda sem öðlast hafa kosningarétt á milli kosninga, þ.e. eru nýir á kjörskrá, grunnupplýsingar. Stefnt er að því að slíkar upplýsingar verði sendar í gegnum vefgáttina island.is. Framtíðarkerfi tryggi að innflytjendum sem öðlast kjörgengi séu sjálfkrafa sendar upplýsingar um áunninn rétt og fræðsluefni um fyrirkomulag ólíkra kosninga á Íslandi og hvernig nýta má kosningaréttinn. Gert er ráð fyrir að greiningu á lausn og innleiðingu verði lokið árið 2028 og að kostnaður við aðgerðina falli innan almennra fjárheimilda Þjóðskrár.

Í b-lið er gert ráð fyrir fræðslu fyrir börn og ungmenni um lýðræðislegar kosningar eðli þeirra og fyrirkomulag. Börn og ungmenni úr hópi innflytjenda þekki rétt til þátttöku í kosningum, skilji fyrirkomulag lýðræðis og framkvæmd þess hér á landi. Fræðslan sé hluti af námi barna í gunnskólum og að um sé að ræða sífelluverkefni sem unnið er innan ramma hefðbundins skólastarfs.

Lýðræði og mannréttindi eru einn af grunnþáttum aðalnámskrár grunnskóla og einnig aðalnámskrár framhaldsskóla. Mikilvægt er að þessi grunnþáttur í menntun skili sér til allra nemenda og börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn séu þar ekki undanskilin. Þróunarverkefninu *Menntun, móttaka, menning* (MEMM) um þjónustu vegna barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn, (sjá markmið 2.5) er m.a. ætlað að þróa og tryggja skólasamfélaginu öflug námsgögn, verkfæri og ráðgjöf. Áherslur MEMM munu nýtast við þessa aðgerð.

4.2. - Markmið 1.2 - Innflytjendur hafa jöfn tækifæri á við aðra til samfélagslegrar þátttöku.

Samfélagsleg þátttaka á sér ólíkar birtingarmyndir og nær yfir breitt svið og því ljóst að aðgerðir sem snúa að markmiði 1.2 verða aldrei tæmandi. Áhersluatriðin í þessari framkvæmdaáætlun snúa að virkni og tækifærum á vinnumarkaði, tækifærum barna og ungmenna í íþróttá-, æskulýðs- og öðru tómstundastarfi og frekari þekkingaröflun um líðan og samfélagslega þátttöku innflytjenda.

Aðgerð 1.2.1. Virkni og tækifæri á vinnumarkaði.

Vinnumálastofnun gegnir lykilhlutverki bæði þegar kemur að þjónustu við fólk sem stendur utan vinnumarkaðar en einnig almennt er varðar ýmsa þjónustu við innflytjendur hér á landi. Samskipti og samvinna fólks á vinnumarkaði eru einn af hornsteinum inngildandi samfélags enda eru innflytjendur um fjórðungur þeirra sem eru starfandi á vinnumarkaði. Aukning innflytjenda sem hlutfall af starfandi á Íslandi hefur verið ein sú mesta í löndum OECD á síðasta áratug. Til að halda við ríkri atvinnuþátttöku innflytjenda hér á landi og auka jöfnuð á vinnumarkaði er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun vinni sérstaklega að þremur þáttum er snúa að innflytjendum á vinnumarkaði undir aðgerð 1.2.1 sem leiði til sjálfbærrar atvinnuþátttöku og vinni gegn endurteknu atvinnuleysi.

Í a-lið aðgerðarinnar er gert ráð fyrir að fólki sem býr við tungumálhindranir eða litla atvinnureynslu bjóðist stuðningur frá Vinnumálastofnun við að skapa varanlegar tengingar við atvinnulífið og skapi tækifæri til að nýta sér þá möguleika sem snúa að atvinnuþátttöku almennt og störfum við hæfi þekkingar og menntunar hvers og eins.

Í b-lið er gert ráð fyrir að koma á fræðslu um réttindi, skyldur og vinnustaðamenningu á íslenskum vinnumarkaði. Margir, s.s. ýmis verkalýðsfélög og hagsmunasamtök, hafa á undanförunum árum lagt mikið til fræðslu fyrir félagsmenn um réttindi á vinnumarkaði og er efni þar að lútandi til á mörgum tungumálum. Mikilvægt er að fleiri komi að slíkri fræðslu og að hún sé aðgengileg jafnt þeim sem standa utan vinnumarkaðar sem innan hans. Ekki má gera ráð fyrir að fólk sem hingað flyst þekki sjálfkrafa réttindi sín enda vinnumarkaður hvers ríkis með sín sérkenni, ólík lög og regluverk. Sé rýnt í þær rannsóknir sem unnar hafa verið um stöðu innflytjenda á vinnumarkaði má leiða að því líkur að innflytjendur geti verið útsettari en aðrir hópar gagnvart ýmiss konar brotastarfsemi. Með valdeflingu innflytjenda sjálfra og með fræðslu um réttindi, skyldur og vinnustaðamenningu eru líkur til að staða þeirra verði betri. Gert er ráð fyrir að Vinnumálastofnun geti þróað fræðsluna og áherslur hennar eftir þörfum á hverjum tíma.

Í menntun og starfsþjálfun er fólgin mikill auður, hvort sem litið er til efnahagslegra- eða félagslegra þátta. Í c-lið aðgerðarinnar er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun leiði samstarf við atvinnulífið og saman vinni aðilar að fræðslu fyrir fyrirtæki um hag af mati á menntun innflytjenda, eiginleikum og kostum fjölmenningslegs vinnuumhverfis og tækifærum í auknum hreyfanleika innflytjenda á vinnumarkaði. Það er sameiginlegt hagsmunamál allra að efla tungumálafærni og tengslanet innflytjenda á íslenskum vinnumarkaði og auka þá bæði efnahagslegan ávinning, vellíðan og velsæld innflytjenda sem og samkeppnishæfni fyrirtækja.

Aðgerð 1.2.2 Þátttaka barna og ungmenna í íþróttá-, æskulýðs- og öðru tómstundastarfi.

Kannanir sýna reglulega að þátttaka innflytjenda í íþróttá- og tómstundastarfi er marktækt minni en þátttaka annarra barna og ungmenna. Óformleg menntun er dýrmæt og mikilvægt

tæki til inngildingar. Áætlað er að byggja á verkefnum sem gefið hafa góða raun í samvinnu við sveitarfélög, íþrótt- og tómstundafélög, skólasamfélög, börn og foreldra þeirra.

Aðgerð 1.2.3 Rannsókn á líðan og samfélagslegri þátttöku innflytjenda.

Fram til þessa hefur ekki verið unnin heildstæð rannsókn á líðan og samfélagslegri þátttöku innflytjenda á Íslandi. Unnar hafa verið afmarkaðri rannsóknir s.s. er varða þátttöku og líðan á vinnumarkaði. Slíkar rannsóknir hafa verið unnar á öðrum málefnaviðum s.s. er varða eldri borgara og nú nýlega var unnin samanburðarrannsókn á líðan eldri innflytjenda samanborið við eldri innlenda. Nauðsynlegt er að afla frekari þekkingar á mati innflytjenda sjálfra á líðan sinni, tækifærum og hindrunum er varða samfélagslega þátttöku svo bregðast megi við þar sem þörf er á. Slíkar rannsóknir leggja grunn að frekari aðgerðum til að ná fram markmiðum stefnunnar. Gert er ráð fyrir að vinna slíka rannsókn árið 2026 þar sem litið er til þess að blanda saman hefðbundnum spurningakönnunum og samtali við rýnihópa. Slík rannsókn undirstrikar jafnframt grunnildi inngildandi samfélags þar sem innlendir og innflytjendur komi jafnt að mótun lausna til framtíðar, svari raunverulegum þörfum og ryðji úr vegi hamlandi þáttum er snúa að jafnri samfélagsþátttöku ólíkra hópa.

4.3. - Markmið 1.3 - Viðhorf til innflytjenda er gott og skilningur almennings á hugtökunum fjölmennning og inngilding er góður í samfélaginu.

Aðgerð 1.3.1. Rannsóknin, Afstaða almennings til innflytjendamála, verði framkvæmd reglulega.

Frá árinu 2017 hefur félags- og vinnumarkaðsráðuneytið látið vinna rannsókn á afstöðu almennings til innflytjendamála og er með aðgerðinni stefnt að því að halda áfram reglubundnum mælingum, byggðum á fyrirliggjandi spurningakönnun. Jafnframt er ætlunin að rýna í þá þætti sem kanna má betur og bæta þannig við spurningum og efnisatriðum sem könnuð eru á sama tíma og samfellu í fyrri rannsóknarþáttum er haldið til að fylgjast með og bregðast við þróun á afstöðu almennings til innflytjendamála á Íslandi. Viðhorfsmælingin leggi grunn að markvissum aðgerðum til að auka skilning á málefnum innflytjenda sem ætlað er að vinna gegn neikvæðum viðhorfum. Með því að kanna viðhorf á tveggja ára fresti má með betri hætti leggja mat á hvaða aðgerðir eru nauðsynlegar í framfylgd stefnu til 15 ára.

Aðgerð 1.3.2. Efla fræðsluhlutverk fjölmenningardeildar Vinnumálastofnunar.

Sem tiltölulega ungt samfélag er kemur að málefnum innflytjenda er eðlilegt að bjóða þurfi upp á aðgengilegt fræðsluefni um þá þætti sem geta skapað óþarfa hindranir fyrir innflytjendur í samfélaginu. Á það jafnt við fræðslu ætlaða því samfélagi sem hér er fyrir og fyrir það fólk sem flyst til landsins. Vinnumálastofnun hefur nú þegar samkvæmt lögum það hlutverk að veita stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum, félögum og einstaklingum ráðgjöf og upplýsingar í tengslum við málefni innflytjenda. Auk þess á Vinnumálastofnun að vera sveitarfélögum til ráðgjafar við að taka á móti innflytjendum sem flytjast í sveitarfélagið og taka saman og miðla upplýsingum um réttindi og skyldur innflytjenda. Frá því að stofnuninni og fyrirrennara hennar, Fjölmenningarsetri, var falið þetta hlutverk hafa orðið miklar breytingar á fjölda innflytjenda á Íslandi. Vegna þeirrar einföldu staðreyndar er talin þörf á að efla fræðsluhlutverkið frá því sem nú er. Aðgerðin er þrjúþætt þar sem lögð er áhersla á að efla fræðslu á ólíkum sviðum sem beinist að mismunandi markhópum. Í boði sé fræðsla og aðgengi að fræðsluefni um fjölmenningsnæmi, stöðu innflytjenda á Íslandi, samfélagslegan ávinning

af jafnri stöðu íbúa óháð uppruna og einkenni inngildandi samfélags og styrkleika fjölbreytni á vinnustöðum.

Í a-lið er gert ráð fyrir að efla samfélagsfræðslu og fræðsluefni ætlað vinnustöðum og í b-lið er sjónum beint að fræðsluefni sem fyrirtæki og stofnanir sjálf, s.s. stjórnendur og mannauðsstjórar, geta nýtt í vinnu á sínum vinnustað, kjósi þeir svo.

Í c-lið aðgerðarinnar er sérstaklega lagt til að samfélagsfræðsluefni Landnemans sé gert aðgengilegt öllum innflytjendum og kynnt með markvissum hætti. Landneminn sem þegar er aðgengilegur á sjö tungumálum, er ekki nægjanlega þekktur á meðal innflytjenda sem hér búa. Í hringferð félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins við undirbúning stefnu og framkvæmdaáætlunar og í samtali við tæplega 500 innflytjendur um land allt, kom í ljós að yfirgnæfandi meirihluti þeirra innflytjenda sem rætt var við þekktu ekki til fræðsluefnis Landnemans og höfðu þar af leiðandi ekki tækifæri til að nýta sér þá fræðslu sem þar er að finna. C-liður aðgerðarinnar snýst því að meginhluta um að auka sýnileika og nýta með betri hætti fræðslu og þekkingu sem þegar hefur verið fjárfest í en nýta má betur fyrir stærri markhóp innflytjenda

4.4. - Markmið 1.4 - Fátækt meðal innflytjenda er ekki meiri en almennt í samfélaginu.

Aðgerð 1.4.1. Samfélagsþættir er vinna gegn fátækt og jaðarsetningu innflytjenda kortlagðir.

Í skýrslu forsætisráðherra „Fátækt og áætlaður samfélagslegur kostnaður“ sem kom út árið 2023, kemur fram að innflytjendur ásamt einstæðum foreldrum eru líklegri en aðrir hópar samfélagsins til að vera undir lágtekjumörkum í lengri tíma (lengur en þrjú ár). Þessi staða er uppi þrátt fyrir að almenn atvinnuþátttaka innflytjenda sé meiri en innlendra og sú mesta á Norðurlöndunum. Árið 2020 höfðu rétt rúmlega 13.600 innflytjendur tekjur undir lágtekjumörkum sem samsvarar tæplega fjórðungi allra innflytjenda í landinu. Því er ljóst að núverandi staða þegar kemur að fátækt innflytjenda getur haft langtímaáhrif á stöðu þeirra hér á landi. Ber þá einkum að líta til áhrifa langvarandi fátæktar en í fyrrnefndri skýrslu kemur fram að innflytjendur búi við tíða, djúpa og oft langvarandi fátækt sem teljast verður mikið áhyggjuefni. Lýðfræðileg samsetning innflytjenda er einnig önnur en innlendra þar sem þeir eru almennt yngri. Lendi ungt fólk í langvarandi fátækt aukast líkur á að börn þess séu fátæk enda er það staðreynd að börn innflytjenda búa frekar við viðkvæmari fjárhagslega stöðu en önnur börn. Um þriðjungur barna innflytjenda á Íslandi býr við fátækt. Börn sem alast upp í fátækt eru líklegri en önnur börn til að enda sjálf í fátækt á fullorðinsaldri.

Til að gera stjórnvöldum kleift að bregðast við þarf að skoða þá sértæku þætti sem valda fátækt meðal innflytjenda og er lagt til í a-lið að þeir þættir séu kortlagðir sérstaklega. Í b-lið er einnig lagt til að staða fátæktar meðal innflytjenda til samanburðar við innlenda sé metin sérstaklega í gegnum lífskjararannsókn Hagstofunnar. Sá þáttur tengist jafnframt aðgerð 2.4.2. um bætt aðgengi að tölfræði um innflytjendur á Íslandi.

4.5. - Markmið 1.5 – Innflytjendur sinna störfum hjá ríki og sveitarfélögum.

Aðgerð 1.5.1 Opinber störf aðgengileg fyrir öll.

Í framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda 2022-2025 var sett fram aðgerð sem miðaði að því að fjölga innflytjendum í opinberum störfum og áhrifastöðum, bæði með endurskoðun handbókar um ráðningar hjá ríkinu og námskeiði í fjölmenningarstjórnun, menningarlausni og -næmi fyrir mannauðsstjóra, jafnréttisfulltrúa og aðra sem fara með ráðningarvald fyrir hönd stjórnvalda. Kjara- og mannauðssýslan hefur á gildistíma áætlunarinnar unnið að því að greina

Þessi mál og kom þar m.a. í ljós að ekki er auðvelt að nálgast grunnupplýsingar um innflytjendur sem starfa hjá hinu opinbera. Þá kom einnig í ljós í úttekt og greiningu OECD á stöðu innflytjendamála hér á landi að Jafnréttisstofu hafa borist mjög fáar kvartanir vegna ráðninga sem byggðar er á mismunun á grundvelli kynþáttar, þjóðernisuppruna eða trúar/lífsskoðana. Er það að mati OECD ekki byggt á að slík mismunun fyrirfinnist í minni mæli hér á landi en í öðrum ríkjum heldur frekar að kvörtunarleiðin sé ekki skýr sem og að óljóst sé í ráðningaferlum eftir hverju verið er að leita þegar kemur að þessum þáttum. Aðgerð um aðgengi að opinberum störfum fyrir öll er mótuð á þessum þáttum.

Í a-lið er lagt til að unnið sé að greiningu og markvissri skráningu fjölbreytni mannaúts út frá innflytjendastöðu og starfsgreinum. Með því skapast tækifæri til að skoða hvort tækifæri til starfa hjá opinberum aðilum haldist í hendur við fjölgun innflytjenda og vaxandi hlutfall þeirra á vinnumarkaði. Markmiðið er að byrja á slíkri skoðun hjá ríki og í framhaldi að skoða með Sambandi íslenskra sveitarfélaga hvort beita megi sömu aðferðafræði í greiningum er varða starfsmenn sveitarfélaga.

Í b-lið er gert ráð fyrir að ráðningarferli séu sérstaklega skoðuð og hvort nauðsynlegt sé að gera úrbætur. Í því samhengi hefur verið nefnt að margir innflytjendur upplifa að nöfn þeirra verði til þess að þeir njóti ekki sömu möguleika á að komast í viðtöl um störf þrátt fyrir víðtæka menntun og að ekki sé skýrt hvað teljist til grunnkrafna, s.s. hver skilgreiningin sé á góðri kunnáttu í íslensku. Síðastnefnda atriðið er tekið sérstaklega fyrir í c-lið þar sem, í tengslum við innleiðingu á almennri notkun Samevrópska tungumálarammans, er lagt til að færni í tungumálum taki mið af færnistigum rammans svo kröfur séu skýrar og umsækjendur, óháð uppruna, eigi auðveldara með að átta sig á kröfum sem gerðar eru til tungumálakunnáttu. Vert er að geta þess að Reykjavíkurborg hefur þegar hafið í tilraunaskyni innleiðingu á slíku verklagi og mikilvægt er að hægt sé að byggja á þeirri reynslu til framtíðar.

Með samlegðaráhrifum af öllum þremur liðum aðgerðarinnar verður með skýrari hætti hægt að vinna að því að opinberir vinnustaðir skipi sér í hóp þeirra vinnustaða þar sem fjölbreytni ríkir, vinnuumhverfi er inngildandi og kraftar fjölbreytileikans í samfélaginu eru nýttir.

4.6. - Markmið 2.1 - Árangursrík og fjölbreytt upplýsingaþjónusta fyrir innflytjendur.

Aðgerð 2.1.1. Uppbygging fjölbreyttrar og árangursríkrar upplýsingaþjónustu fyrir innflytjendur.

Undir markmiði um árangursríka og fjölbreytta upplýsingaþjónustu fyrir innflytjendur er sett fram ein aðgerð sem skiptist í fjóra liði. Við upphaf búsetu er það innflytjendum mjög mikilvægt að geta á skilvirkan og einfaldan hátt aflað sér upplýsinga um réttindi sín og skyldur. Ýmsir opinberir aðilar bjóða upp á slíkar upplýsingar á erlendum tungumálum auk þess sem sérstakri ráðgjafarstofu fyrir innflytjendur var komið á fót árið 2021 og starfaði hún fyrst sem sjálfstætt verkefni á vegum félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins en síðar á vegum Fjölmenningarseturs og nú á vegum Vinnumálastofnunar. Þrátt fyrir þessi verkefni virðast upplýsingar um réttindi og skyldur ekki ná til meirihluta þess markhóps sem þær beinast að. Innflytjendur sjálfir nefna að það sé bæði flókið og tímafrekt að afla sér nauðsynlegra upplýsinga. Margir séu því of háðir upplýsingum, ýmist frá samlöndum eða vinnuveitendum, sem geti í einhverjum tilvikum aukið líkur á rangtúlkun upplýsinga eða að mikilvægar upplýsingar komist ekki til skila. Það geti haft áhrif á réttarstöðu viðkomandi hér á landi, s.s. hvað varðar efnahagsleg og félagsleg réttindi sem tengjast lögheimilisskráningu. Þá er einnig mikilvægt að hafa í huga að upplýsingamiðlun í íslensku samfélagi byggir mikið á

upplýsingum í rituðu máli og rafrænum upplýsingakerfum. Það gerir ólæsum innflytjendum mjög erfitt um vik að afla sér upplýsinga. Það sama gildir um þá hópa sem eru ekki vel tölvulæsir.

Í a-lið er gert ráð fyrir að unnið sé með þær upplýsingar sem þegar eru aðgengilegar á island.is og komið sé á fót sérstökum lífsviðburði en það kallast þær flýttisíður vefsins sem miða að söfnun hagnýtra upplýsinga um ákveðin málefni, s.s. að eignast barn, að hefja nám eða að eldast. Að flytja til Íslands verði einn slíkur lífsviðburður. Vefur island.is er aðgengilegur á íslensku og ensku. Þá er ætlunin að skoða möguleika á tengingu við vef Vinnumálastofnunar mcc.is þar sem mikið magn hagnýtra upplýsinga er að finna á fjölda tungumála.

Í b-lið er horft frekar til fjölbreyttari leiða en einvörðungu stafrænna við miðlun upplýsinga og jafnframt að tryggja aðgengi að upplýsingum á landinu öllu. Sú upplýsingaþjónusta sem fram til þessa hefur verið aðgengileg hefur ekki haft nægjanlega útbreiðslu um landið en með öflugum neti þjónustuskrifstofa Vinnumálastofnunar skapast tækifæri til að færa þjónustuna nær þeim sem á henni þurfa að halda.

Í c-lið er litið sérstaklega til endurskoðunar á námsefni Landnemans eftir ábendingar frá innflytjendum um land allt um að bæta megi við upplýsingum, einkum hagnýtum upplýsingum um ýmis atriði er tengjast áskorunum við að setjast að í nýju landi. Ávallt er nauðsynlegt að endurskoða samfélagsfræðsluefni enda tekur samfélag okkar hröðum breytingum. Sérstaklega verði litið til myndabandagerðar til að auðvelda aðgengi að upplýsingum. Þessu tengt er einnig gert ráð fyrir í d-lið aðgerðarinnar að markvisst sé unnið að kynningu og markaðssetningu á upplýsingaþjónustu liða a og b til að auka líkur á því að innflytjendur þekki til þjónustunnar. Með því má ná til aukins fjölda og nýta sem best þá uppbyggingu sem átt hefur sér stað í miðlun upplýsinga til þeirra sem flust hafa til landsins.

4.7. - Markmið 2.2 – Öflugur og snemmtækur stuðningur við flóttafólk.

Undir markmiði 2.2 eru settar fram sex aðgerðir sem öllum er ætlað að styðja við flóttafólk við upphaf búsetu eftir verndarveitingu hér á landi og er hér að finna nánari útskýringu á hverri aðgerð.

Aðgerð 2.2.1. Öflugur og snemmtækur stuðningur við flóttafólk.

Aldrei hafa fleiri verið á flótta vegna stríðsátaka og ofsókna í heiminum og má glögglega sjá áhrif breyttrar heimsmyndar í málefnum flóttafólks hér á Íslandi. Flóttafólki hefur fjölgað hér á landi á undanförunum árum og því er brýnt að efla frekar snemmtækan stuðning við fólk sem fær hér dvalarleyfi og tryggja flóttafólki þjónustu frá verndarveitingu með það að markmiði að valdefla það og styðja við að ná rótfestu í nýju samfélagi. Sú þjónusta er einkum falin í viðbótarþjónustu á fyrstu þremur árum dvalar hér á landi.

Í a-lið er ætlunin að þróa áfram stuðning sem á undanförunum árum hefur verið veittur flóttafólki samkvæmt sérstökum samningum félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins við einstaka sveitarfélög um svokallaða samræmda móttöku flóttafólks. Vinna þarf áfram að því að skilgreina þann stuðning og tryggja aðgengi flóttafólks um land allt að slíkum stuðningi. Um er að ræða bæði stuðning í umsjón félagsþjónustu sveitarfélaganna en einnig þjónustu á vegum Vinnumálastofnunar.

Bent hefur verið á að almennt sé rödd innflytjenda í íslensku samfélagi ekki sterk þó svo að það sé ekki algilt. Algengast er að ákvarðanir um sértæk málefni sem snúa að þjónustu við innflytjendur og flóttafólk séu teknar án aðkomu þeirra sem þjónustan beinist að. Fundir með flóttafólki sem félags- og vinnumarkaðsráðuneytið stóð fyrir á Akureyri, Bifröst, Reykjanesbæ

og í Reykjavík í aðdraganda að gerð stefnunnar og framkvæmdaáætlunar styðja við þá niðurstöðu. Sú þjónusta sem þróuð hefur verið og fjallað er um í a-lið aðgerðarinnar er unnin að norski fyrirmynd og staðfærð af fagfólki sem vinnur með flóttafólki hér á landi. Með því að greina þörf og eðli nauðsynlegrar þjónustu við flóttafólk á grundvelli hönnunarhugsunar þar sem leiðir og þarfir notandans í gegnum kerfið eru kortlagðar og þróaðar í samráði við notendur má ná fram markvissara og skilvirkara kerfi til framtíðar. Um það snýst b-liður aðgerðarinnar.

Í c-lið er gert ráð fyrir að virkja mannauð flóttafólksins sjálfs með því að koma á fót jafningjastuðningi flóttafólks. Áskoranir við að byggja upp líf sitt að nýju eftir að hafa flúið heimalandið þekkja þau best sem hafa reynslu af slíku. Beiting jafningjastuðnings er vel þekkt og gagnleg aðferðafræði í styrkingu og valdeflingu fólks.

Í d-lið er lagt upp með að styðja sérstaklega við þjálfun starfsfólks sem vinnur með flóttafólki í fjölmenningsnæmi og áfallamiðaðri nálgun í þjónustu. Áföll auka hættu á að fólk þrói með sér áfallastreituröskun, þunglyndi og kvíða. Mikilvægt er að starfsfólk sem vinnur með flóttafólki hafi góða þekkingu á áfallamiðaðri nálgun í störfum sínum svo að stuðningur sem flóttafólk fær til að ná róteftu í nýju samfélagi nýtist sem best.

E-lið aðgerðarinnar er sérstaklega ætlað að líta til samfélagslegs stuðnings og styrkja þannig tengingar flóttafólks við samfélagið og auka tækifæri og möguleika til virkni. Aðgerðin tengist einnig þeim liðum aðgerðarinnar sem fyrir eru enda vinna þeir saman og er ætlað að stuðla að straumlínulagaðri, skilvirkari og öflugri þjónustu við flóttafólk sem byggir á mati notenda á eigin þörfum.

Aðgerð 2.2.2. Stuðningur við geðheilbrigði flóttafólks með sálrænum stuðningi.

Gert er ráð fyrir að beitt sé viðurkenndum aðferðum í skimun fyrir sálrænum einkennum til að meta þörf fólks á viðeigandi úrræði. Aðgerðin kallar því jafnt á þjálfun starfsfólks, s.s. í móttökuúrræðum, sem og þeim sem vinna með flóttafólki og tengist því með beinum hætti d-lið í aðgerð 2.2.1. Undir þessari aðgerð verður sjónum beint að fullorðnu flóttafólki en að stuðningur við börn falli undir framkvæmd laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Fram til þessa hefur áfallastuðningur við flóttafólk einkum farið fram á grundvelli einstaklingsþjónustu og hefur gengið erfiðlega að mæta þörf fyrir aðstoð. Með því að byggja frekar á hópnálgun er markvisst unnið að því að ná til fleira fólks en einnig unnið með möguleika til jafningjastuðnings og tækifæra til að takast á við áskoranir af völdum áfalla með stuðningi fleiri aðila. Það að veita öllu flóttafólki aðgengi að sálrænum stuðningi líkt og gert er ráð fyrir í a-lið aðgerðarinnar mun hjálpa til við að koma auga á þá sem þurfa á sérhæfðri aðstoð líkt og gagnreyndri áfallamiðaðri sálfræðimeðferð að halda. B-liður aðgerðarinnar tengist með beinum hætti markmiðum a-liðar og er til þess fallinn að tryggja öruggar tilvísanir og samlegðaráhrif. Aðgerðirnar leiða til þess að áskoronum sem sinna má með sálrænum stuðningi er síður vísað í sértæka þjónustu innan geðheilbrigðiskerfisins.

Aðgerð 2.2.3. Greitt aðgengi flóttafólks að gagnreyndri meðferð við áfallastreituröskun.

Hér er um aðgerð að ræða sem fellur innan geðheilbrigðiskerfisins og nær til fullorðinna einstaklinga. Gert er ráð fyrir að geðheilbrigðismálum flóttabarna sé sinnt í gegnum sértæka þjónustu fyrir börn og út frá lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Aðgerðin sem er í þremur liðum miðar að því að byggja enn frekar upp kerfi gagnreyndrar meðferðar við áfallastreituröskun og notkun slíkrar meðferðar fyrir flóttafólk. Meðferð í a-lið og þjálfun í b-lið verður í höndum geðheilbrigðisstarfsfólks með sértæka menntun og reynslu á því sviði og með c-lið er stefnt að því að koma fólki í viðeigandi meðferð með skýrum hætti. Aðgerðin

byggir einnig á grunni þeirrar skimunar sem ráðgerð er í a-lið aðgerðar 2.2.2. og er ætlað að mæta betur þörfum flóttafólks til geðheilbrigðisþjónustu og tryggja að geðlæknar sinni aðeins flóknustu tilfellum þar sem sértækrar aðstoðar er sannanlega þörf.

Aðgerð 2.2.4. Móttaka og stuðningur við fylgdarlaus börn

Fylgdarlaus börn eru börn sem koma til landsins án foreldra eða forsjáraðila. Frá árinu 2022 hefur fylgdarlausum börnum sem koma hingað til lands í leit að alþjóðlegri vernd fjölgað umtalsvert. Sú mikla fjölgun er í samræmi við almenna fjölgun umsækjenda um alþjóðlega vernd hérlendis.

Málefni fylgdarlausra barna eru oftast en ekki flókin og börnin yfirleitt í þörf fyrir mikla þjónustu og stuðning til þess að þau geti fótast sig í nýju samfélagi. Þá eru fylgdarlaus börn talin vera í sérstaklega viðkvæmri stöðu þar sem þau eru meðal annars útsett fyrir mansali og annars konar hagnýtingu, sé öryggi þeirra ekki tryggt. Mál fylgdarlausra barna eru sjálfkrafa barnaverndarmál og heyra undir barnaverndarlög 2002/80. Kostnaður af þjónustu við börnin er endurgreiddur sveitarfélögum samkvæmt 15. grein laganna.

Undanfarið hefur margt verið gert til þess að auka fyrirsjáanleika í þjónustu við þennan hóp. Komið hefur verið upp sérstökum búsetuúrræðum fyrir eldri fylgdarlaus börn þar sem fósturúrræði eiga síður við. Samvinna milli barnaverndarþjónusta hefur verið aukin og unnið er að samræmdu verklagi undir forystu Barna- og fjölskyldustofu. Mikilvægt er að viðhalda því sem vel hefur verið gert og ljúka verkefnum sem eru í vinnslu.

Álagið á einstökum barnaverndarnefndum og barnaverndarþjónustum sveitarfélaga hefur verið mjög mikið samfara auknum fjölda barna og kostnaður við utanumhald aukist í takti við það. Í upphafi árs 2024 gerðu mennta- og barnamálaráðuneytið og Suðurnesjabær með sér samkomulag um eins árs reynsluverkefni til að bæta stuðning við fylgdarlaus börn. Eftir á að gera upp reynslu af þessu verkefni og hvort framhald verði á. Þó er ljóst að áfram mun vera þörf á því að styðja sérstaklega við þennan viðkvæmasta hóp barna á flótta og það sé gert í samvinnu við sveitarfélög sem veita þjónustuna.

Aðgerð 2.2.5. Stuðningur við sveitarfélög vegna móttöku barna á flótta.

Skólaárið 2022-2023 var sveitarfélögum í fyrsta sinn gert kleift að sækja um sérstakan fjárstuðning frá ríkinu vegna barna á aldrinum 0-18 ára sem fengið höfðu alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Verkefnið var tengt samningum við sveitarfélögin um móttöku flóttafólks en þó var ákveðið að einskorða stuðninginn ekki við sveitarfélög sem undirritað höfðu þann samning, heldur var hægt að sækja um fyrir öll börn á landinu sem fengið höfðu stöðu frá 1. janúar 2021. Aðaláherslur í stuðningum voru:

- Fjárhagslegur styrkur vegna viðbótarstuðnings í skóla- eða barnaverndarþjónustu.
- Stuðningur við uppbyggingu úrræða vegna barna sem eiga sögu um rofna skólagöngu.
- Sérstök úthlutun í gegnum þróunarsjóð námsgagna til þess að þróa námsefni fyrir hópinn.
- Stöðugildi hjá Barna- og fjölskyldustofu til ráðgjafar við sveitarfélög vegna barnaverndarmála.

Verkefnið var framlengt í örlítið breyttri mynd fyrir skólaárið 2023-2024 og gert er ráð fyrir að verkefni af þessum toga verði þróuð áfram og verði í boði meðan þörf er á viðbótarþjónustu fyrir þennan viðkvæma hóp.

Aðgerð 2.2.6. Íslenskunám og samfélagsfræðsla fyrir flóttafólk.

Á síðustu árum hefur verið unnið að því að móta fræðslu fyrir flóttafólk líkt og þekkt á hinum Norðurlöndunum. Með þessari aðgerð er ætlunin að ramma inn með betri hætti slíka fræðslu og er aðgerðin sett upp í þremur liðum. Íslenskunámi og samfélagsfræðslu er ætlað að styðja flóttafólk í að ná grunntökum á íslensku og skilningi á íslensku samfélagi og samfélagsformi.

Í a-lið aðgerðarinnar stendur til að tryggja öflugt íslenskunám við upphaf dvalarleyfis sem sníða þarf að ólíkum námsþörfum flóttafólks. Fram til þessa hefur íslenskukennsla fyrir flóttafólk verið mjög takmörkuð og að meðaltali hefur fullorðnu flóttafólki staðið til boða að taka tvö íslenskunámskeið, sem samsvarar 80 klukkustundum, á vegum Vinnumálastofnunar. Það liggur í augum uppi að enginn nær færni í tungumáli með svo takmarkaða kennslu og þarf að bæta hér verulega í til að ná viðmiðum hinna norrænu ríkjanna. Það Norðurlandanna sem kemur næst Íslandi í kennslu tungumáls landsins er Finnland þar sem flóttafólki eru tryggðar 2.100 kennslustundir í finnsku, Danmörk og Noregur eru svo þar á eftir og í Svíþjóð er ótakmarkaður aðgangur að sænskukennslu fyrir flóttafólk. Ísland er því í upphafi vegferðar í átt að viðmiðum nágranna ríkja okkar en ljóst að íslenskunám leggur grunn að möguleikum til virkrar þátttöku í íslensku samfélagi.

Í b-lið er gert ráð fyrir að samfélagsfræðsla Landnemans sé hluti af því námi sem boðið er upp á og verði aðgengilegt öllu flóttafólki, en fjallað er um endurskoðun á Landnemanum í aðgerð 2.1.1. og byggir sú aðgerð á ábendingum frá innflytjendum og flóttafólki sjálfu um hvers konar námsefni og fræðsla nýtist þeim best við upphaf búsetu hér á landi. Svo fólk sé með sem bestum hætti skapað tækifæri til að hagnýta sér þá kennslu og fræðslu sem veitt er í a- og b-liðum aðgerðarinnar gerir c-liður hennar ráð fyrir kortlagningu á fjölbreyttum námsþörfum flóttafólks í íslensku og samfélagsfræðslu. Í þjónustu við flóttafólk eru það ráðgjafar félagsþjónustunnar og Vinnumálastofnunar sem munu styðja fólk við að sækja móttökunámið og því þarf að leggja til matstæki sem þessir starfsmenn geta nýtt til að styðja flóttafólk inn í rétta námshópa. Flóttafólk er ekki einsleitur hópur og þegar litið er til fjölbreytileika er snýr að móttökunámi er mikilvægt að horfa til þátta sem leggja grunn að ólíkum námsþörfum, s.s. fyrri menntun, læsi, þekkingu á letri eða hvort viðkomandi búi við fötlun eða skerðingu.

4.8. - Markmið 2.3 - Nám frá erlendum skólum er metið til starfsréttinda á Íslandi og raunfærnimat er nýtt til að meta færni og reynslu innflytjenda.

Markmiðið snýr að fullorðnu fólki, verðmætasköpun og nýtingu mannaúðs á vinnumarkaði. Aðgerðir markmiðsins eru tvær og er ætlað að ná til ólíkra þarfa innflytjenda sjálfra og vinnumarkaðar.

Aðgerð 2.3.1: Nám frá erlendum skólum er metið til starfsréttinda á Íslandi.

Nám er fjárfesting jafnt fyrir samfélagið í heild sem og einstaklinginn sem sótt hefur sér nám. Eins og staðan er nú er fjöldi innflytjenda hér á landi sem hefur lokið menntun sem

viðkomandi fær ekki metna inn á íslenskan vinnumarkað. Í þessu felst tap fyrir bæði einstaklinginn og samfélagið. Mikilvægt er að tryggja eftir fremsta megni að menntun og hæfni sem innflytjendur hafi aflað sér verði metin og nýtt að verðleikum á íslenskum vinnumarkaði og starfsréttindi gefin út fyrir lögverndaðar starfsstéttir. Nýlega var komið á einni gátt til að leggja inn beið ni um mat á námi og er hún fyrsta skref í þróun skilvirks mats á erlendu námi. Mat á námi er áskorun víða en í norrænum samanburði hafa Svíar náð einna lengst í skilvirku kerfi á þessu sviði. Horft verður til fyrirmynda annarra ríkja og með hvaða hætti má innleiða þær hér á landi.

Í a-lið er gert ráð fyrir að þróa enn frekar matsgátt á menntun svo hún sé notendavæn og skilvirk. Fyrir þá sem ekki fá vottun á námi sínu til starfsréttinda hér á landi fylgi upplýsingar og leiðbeiningar um hvaða viðbótamenntunar þurfi að afla til að öðlast starfsréttindi og hvaða leiðir eru til þess hér á landi. Með þessu er ætlunin að jafna stöðu fólks á vinnumarkaði óháð uppruna.

Í b-lið er gert ráð fyrir að komið sé á samstarfi við aðila vinnumarkaðarins til að auka líkur á að sú menntun sem metin er nýtist beint á vinnumarkaði. Þá er nauðsynlegt að efla samstarf milli fagstétta um mat á erlendri menntun til að auka skilvirkni á mati og betri nýtingu mannauðs og menntunar á vinnumarkaði. Samstarfið styðji við framkvæmd a-liðar enda nýting á þekkingu sameiginlegt hagsmunamál ríkis og aðila vinnumarkaðarins og alls samfélagsins.

Aðgerð 2.3.2. Raunfærnimat er nýtt til að meta færni og reynslu innflytjenda með stutta formlega skólagöngu.

Raunfærnimat er mikilvægur þáttur í mati og staðfestingu á færni einstaklinga. Með því að leggja áherslu á að hæfni sem innflytjendur hafi aflað sér með atvinnuþátttöku verði metin og nýtt að verðleikum á íslenskum vinnumarkaði og í menntakerfinu, má auka verðmætasköpun og velsæld í samfélaginu. Raunfærnimat er mikilvægur þáttur í hvatningu til þróunar á hæfni og leggur oft grunn að áframhaldandi námi og þróun á vinnumarkaði. Hlutfall innflytjenda af þeim sem nýta raunfærnimat hefur hækkað á undanförunum árum en ljóst er að sóknarfæri eru á því sviði þegar litið er til hlutfalls innflytjenda af virkum á vinnumarkaði. Eitt af skrefum í frekari eflingu raunfærnimats er því að kortleggja framkvæmdina og kynna raunfærnimat betur fyrir innflytjendum. Aukin þekking innflytjenda á möguleikum raunfærnimats mun leiða til þess að fólk sinni frekar störfum við hæfi, búi við tækifæri til frekari menntunar og sérhæfingar auk þess sem atvinnurekendur njóta fremur góðs af reynslu innflytjenda. Aðgerðin verði unnin í nánú samráði ráðuneytisins við hagaðila.

4.9. - Markmið 2.4 - Virkar rannsóknir á sviði innflytjendamála og miðlun rannsóknarniðurstæðna.

Settar eru fram tvær aðgerðir við markmiðið.

Aðgerð 2.4.1 Rannsóknir, gagnaöflun og þekkingarmiðlun.

Þrátt fyrir að fjöldi innflytjenda vaxi hratt hér á landi, eru tiltölulega fáar rannsóknir til sem snúa sérstaklega að málefnum innflytjenda og inngildandi samfélagi. Fræðigrein innflytjendamála er ung hér á landi og nauðsynlegt er að ýta henni úr vör með sérstökum stuðningi. Margar rannsóknir eru á frumstigi og fáar stórar langtímarannsóknir hafa verið unnar. Það fagfólk sem vinnur á sviði innflytjendamála bendir á að skort hafi upp á miðlun rannsókna sem geri þeim erfitt að hagnýtta sér niðurstöður þeirra rannsókna sem þó eru unnar. Nauðsynlegt er að byggja brú milli rannsókna, hagnýtingar og þróunar í málaflokknum.

Sem liður í eflingu fræðasviðs á málefnasviði innflytjendamála er í a-lið aðgerðarinnar ráðgert að koma á fót þekkingarvettvangi sem hafi það hlutverk að halda utan um rannsóknir og hagnýt verkefni á sviði málefna innflytjenda, miðla þekkingu um niðurstöður rannsókna og verkefna og greina á hvaða sviðum þörf er á frekari þekkingu og rannsóknum í takti við stefnu stjórnvalda.

Í b-lið aðgerðarinnar er ætlunin að greina hvar nauðsynlegt er að bæta úr söfnun, samhæfingu og skráningu gagna, s.s. tölfræðiganga til að auðvelda rannsóknir, samanburð rannsókna og greiningu á ólíkum málum er varða innflytjendur á Íslandi. Aðgerðin tengist að hluta aðgerð 2.4.2. Þó eðli þeirra gagna sem um ræðir sé ólíkt. Greiningin verði í höndum þekkingarvettvangs sbr. a-lið.

Sem liður í að hefja strax miðlun þeirrar þekkingar sem er að byggjast upp á sviði innflytjendamála, er í c-lið gert ráð fyrir að félags- og vinnumarkaðsráðuneytið standi fyrir ráðstefna ætlaðri fagfólki um þróun mála á sviði innflytjendamála tvisvar á gildistíma áætlunarinnar, eða árin 2025 og 2027. Ráðuneytið, í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina, stóð fyrir slíkum viðburði í Reykjavík árið 2023 sem gaf góða raun. Með slíku skapast tækifæri til að kynna með skilvirkum hætti niðurstöður rannsókna og þróunarverkefna sem styrki hljóta úr þróunarsjóði innflytjendamála auk þess að skapa mikilvægan vettvang fyrir fræðigreini í vexti. Saman virki þessir þrjú liðir aðgerðarinnar til að stuðla að öflugra þekkingarsamfélagi á sviði innflytjendamála og markvissari hagnýtingu á rannsóknarniðurstöðum og verkefna-reynslu.

Aðgerð 2.4.2 Bætt aðgengi að tölfræði um innflytjendur á Íslandi.

Alþjóðlegar stofnanir, s.s. OECD, hafa bent á að aðgengi að tölfræði um innflytjendur á Íslandi sé ábótavant. Bent hefur verið á að ýmis gögn, sem nauðsynleg eru til birtingar slíkrar tölfræði, séu þegar fyrirbyggjandi hjá hinum ýmsu stofnunum en séu ekki birt. Við frumgreiningu virðist sem vandinn liggja að mestu í gagnainnviðum stofnana sem hamlar gagnaskiptum og þar með gerð og birtingu tölfræði um innflytjendur. Þá þarf einnig að framfylgja skuldbindingum Íslands sem byggja á reglugerð Evrópuþingsins og -ráðsins (EB) nr. 2019/1700 um sameiginlegan grundvöll fyrir evrópska félagsmálatölfræði sem byggir á úrtaksgögnum einstaklinga og heimila og hefur ekki komist til framkvæmda hér á landi. Því felur aðgerð um bætt aðgengi að tölfræði um innflytjendur það í sér að tekið sé fyrsta skref á vegferð til bættis aðgengis að tölfræði um innflytjendur hér á landi. Þegar liggur fyrir yfirlit yfir gögn um innflytjendur sem til eru hjá Hagstofu Íslands og öðrum opinberum stofnunum. Á grundvelli þess yfirlits er ætlunin að skilgreina úrbótatækifæri og setja fram tillögur um nauðsynlega gagnauppbygginu og miðlun gagna milli stofnana. Í kjölfarið verði unnið kostnaðarmat og áætlun um miðlun tölfræði á sviði málefna innflytjenda þar sem gæði og samræmi verði tryggt. Með þessu ætti að nást fram það markmið að almennt sé hægt að greina alla félagsmálatölfræði út frá bakgrunnsbreytum um innflytjendastöðu.

4.10. - Markmið 2.5 - Íslenskt menntakerfi mæti námslegum og félagslegum þörfum barna og ungs fólks með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn á öllum skólastigum.

Til að ná fram markmiði 2.5 eru þrjár aðgerðir settar fram. Þeim er ætlað að ná til sem flestra þátta í menntakerfinu en þó með skýrri forgangsriðun.

Aðgerð 2.5.1 Samræmt verklag um móttöku, menntun og inngilding barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn á landsvísu.

Þróunarverkefnið Menntun, móttaka, menning (MEMM) um þjónustu vegna barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn er tímabundið þróunarverkefni sem mennta- og barnamálaráðuneytið, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu og skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hafa stofnað til og vinna að í nánu samstarfi yfir skólaárin 2024-2025 og 2025-2026. Þessir aðilar leggja til fjármagn, þekkingu, aðstöðu og starfsfólk og bera þannig ábyrgð á framgangi verkefnisins skv. þríhliða samkomulagi þar um.

Markmið verkefnisins er að þróa og tryggja skólasamfélaginu öflugra ráðgjöf, námsgögn og verkfæri, sem og stuðning til lausnar flóknari aðstæðum. Framkvæmd verkefnisins er á ábyrgð nýrrar Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu með stuðningi ráðuneytisins og í samvinnu við Reykjavíkurborg o.fl. Stuðningur, ráðgjöf og efni tengt verkefninu verður gert aðgengilegt um allt land með áherslu á skólaskrifstofur sveitarfélaga, leik-, grunn- og framhaldsskóla og frístundastarf þar sem börnin búa og stunda nám.

Sem dæmi um stuðning við flóknari aðstæður væri t.d. ráðgjöf varðandi mál fylgdarlausra barna og önnur flókin barnaverndarmál, þjónustu við mikið fötluð börn o.s.frv.

Sérstakur samhæfingarráðgjafi hefur verið ráðinn til mennta- og barnamálaráðuneytisins til að leiða verkefnið og hefur hann faglega yfirsýn yfir verkefnið auk þess sem hann stýrir samhæfingarteymi sem tengist verkefninu en þar sitja, auk stofnaðilanna, fulltrúar sveitarfélaga, háskóla, samtaka fagfólks og grasrótarsamtaka.

Þess er vænst að afrakstur þróunarverkefnisins MEMM verði grunnurinn að samræmdu verklagi um móttöku, kennslu og þjónustu við börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn, á landsvísu, fyrir ríki og sveitarfélög, þvert á skólastig og þjónustukerfi.

Aðgerð 2.5.2. Efling námsgagnaútgáfu fyrir börn og ungmenni með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn.

Á haustþingi 2024 mun mennta- og barnamálaráðherra leggja fram nýtt frumvarp til laga um námsgögn. Í frumvarpinu er lagt til að börn að 18 ára aldri muni eiga rétt á gjaldfrjálsum námsgögnum í leik-, grunn- og framhaldsskóla. Lagt er til að einfalda starfrækslu námsgagnasjóðs en útvíkka hlutverk þróunarsjóðs námsgagna á þann hátt að heimilt verði að sækja um styrk til þýðinga á námsefni. Með frumvarpinu er jafnframt lagt til að ráðherra verði veitt heimild til útgáfu gæðaviðmiða um gerð og útgáfu námsgagna. Í greinargerð væntanlegs frumvarps er vísað til Menntastefnu til 2030 sem Alþingi samþykkti 2021. Þar voru settar fram níu megináðgerðir og ein af þeim fjallaði um vönduð náms- og kennslugögn fyrir allt menntakerfið. Markmið aðgerðarinnar er að auka gæði, fjölbreytni og aðgengi að náms- og kennslugögnum fyrir nemendur á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi sem og innan framhaldsfræðslu með áherslu á stafræn námsgögn á íslensku, táknmáli og efni fyrir nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Ný Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS) leggur sérstaka áherslu á útgáfu námsefnis fyrir nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningabakgrunn. Hluta af Þróunarverkefninu Menntun, móttaka, menning (MEMM) um þjónustu vegna barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn, (sjá markmið 2.5) er m.a. ætlað að þróa og tryggja skólasamfélaginu öflugra ráðgjöf, námsgögn og verkfæri og verður samlegð með MEMM verkefninu og námsgagnaútgáfu MMS.

Aðgerð 2.5.3. Þróun og aukning á námsframboði framhaldsskóla fyrir börn og ungmenni með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Endurskoðun aðalnámskrár framhaldsskóla er í undirbúningi innan mennta- og barnamálaráðuneytisins. Sérstaklega verður horft til þess hvaða breytingar þurfi að gera með tilliti til þessa hóps nemenda.

Frá og með haustinu 2024 hefur verið veitt fjármagn til þriggja nýrra íslenskubrauta við Framhaldsskólann í Mosfellsbæ, Kvinnaskólann í Reykjavík og Menntaskólann á Ísafirði. Þannig er verið að bregðast við sí aukinni þörf á framhaldsskólanámi fyrir nýkomna nemendur.

Þróunarverkefninu Menntun, móttaka, menning (MEMM) um þjónustu vegna barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn (sjá markmið 2.5), er m.a. ætlað að þróa og tryggja skólasamfélaginu öflugra ráðgjöf, námsgögn og verkfæri. Í tengslum við þróunarverkefnið hefur verið sett á fót sérstakt stöðugildi sem skipt er á hóp starfandi sérfræðinga í framhaldsskólakerfinu til að styðja við framhaldsskólana í þessu verkefni.

4.11. - Markmið 3.1 - Framboð af hagnýtu námi í íslensku er gott og nái til landsins alls.

Aðgerð 3.1.1. Íslenskunám gert fjölbreytt og markvisst fyrir öll.

Þessi aðgerð snýr að íslenskunámi fullorðins fólks en íslenskunám barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn fellur undir lögbundið hlutverk leik-, grunn- og framhaldsskóla samkvæmt aðalnámskrám hvers skólastigs auk þess sem aðgerðir, 2.5.1., 2.5.2. og 2.5.3 fjalla um nám þess hóps.

Innflytjendur á Íslandi meta sjálfir færni sína í íslensku þá minnstu innan OECD þegar innflytjendur eru spurðir um færni í tungumáli þess ríkis þar sem þeir búa. 18% innflytjenda hér á landi telja sig hafa nægilega færni í íslensku á meðan að meðaltal OECD ríkjanna er 60%. Ljóst er að sóknarfæri eru þegar kemur að íslenskukennslu og þarf að auka frekar fjölbreytileika náms sem er markvisst og miðar að ólíkum námsþörfum og fer fram í nærumhverfi fólks. Innflytjendur sjálfir auk OECD benda á að kostnaðarþátttaka nemenda í tungumálanámi er mikil hér á landi, meiri en í öðrum norrænum ríkjum, og verður oft til þess að fólk á þess ekki kost að sækja sér íslenskunám. Með öflugri tungumálakennslu er stutt bæði við þátttöku á vinnumarkaði sem aðra félagslega þátttöku auk þess sem færni innflytjenda foreldra í íslensku styður við nám og framtíðarmöguleika barna þeirra.

Í a-lið aðgerðarinnar er stefnt að því að tryggja rétt innflytjenda til íslenskunáms, m.a. með því að styrkja lagaramma um málefni innflytjenda og gera fólki úr ólíkum hópum fært að stunda íslenskunám, einkum á fyrstu árum búsetu hér á landi. Aðgerðin tengist einnig aðgerð nr. 18 um *Íslensku handa öllum* í þingsályktun um aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu 2024-2026 þar sem stefnt er að því að sem flestir nái tiltekinni grunnleikni í íslensku um leið og öll umgjörð þjónustunnar er lagfærð. Þá er fylgt eftir stefnu stjórnvalda um aukin tækifæri á starfstengdu íslenskunámi og möguleikum á íslenskunámi á vinnutíma í b-lið aðgerðarinnar. Fyrirséð er að styðja sérstaklega samstarf við fyrirtæki um íslenskufræðslu á vinnutíma auk þess sem nýttar verða ýmsar tæknilausnir og nýsköpun til að vinna með og efla starfstengdan orðaforða. Vinnuálagstofnun hefur m.a. átt þátt í frumþróun námskeiða þar sem saman fara starfsþjálfun og íslenskunám sem gefið hefur góða raun og efla þarf áfram. Aðrir fræðsluáðilar s.s. símenntunarmiðstöðvar hafa einnig samþætt íslensku í vottað nám framhaldsfræðslu en árið 2023 var helmingur þátttakenda í vottuðu námi framhaldsfræðslu innflytjendur.

Aðgerð um innleiðingu Samevrópska tungumálarammans var sett í framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2022-2025 og er c-lið aðgerðarinnar ætlað að halda áfram að byggja ofan á grunn þeirrar aðgerðar. Námsgögn og þróun þeirra eru mikilvægur liður í eflingu

kennslu íslensku fyrir innflytjendur og með opnu aðgengi verður stutt við eflingu íslenskunáms sem einnig fellur undir aðgerð 3.2.1. Fræðslusjóður sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 hefur um árabil veitt styrki til nýsköpunar- og þróunarverkefna og þar með talið kennslu- og stuðningsgögn fyrir íslenskukennslu fyrir fullorðna innflytjendur.

Gert er ráð fyrir því í d-lið aðgerðarinnar að komið verði á samstarfi við sveitarfélög og fræðsluaðila um íslenskubru fyrir fullorðna með áherslu á foreldra grunnskólubarna. Með íslenskubru er átt við að íslenskunámið sé fært inn í nærsamfélagið, nær nemendahópnum og samstarf ríkisins, sveitarfélaganna og fræðsluaðila auðveldi aðgengi að íslenskunámi. Íslenskukunnátta innflytjenda foreldra styður við nám barna þeirra og styrkir samstarf heimila og skóla. Innflytjendur sjálfir, einkum á landsbyggðinni, hafa bent á takmarkað aðgengi að íslenskunámi í dreifðari byggðum, þó er það svo að í öllum byggðarkjörnum er rekinn grunnskóli sem skapar tækifæri fyrir vettvang íslenskukennslu fyrir fullorðna. Þá skapar skólaskylda barna jafnframt tækifæri til að ná til foreldra og vinna saman að eflingu íslenskufærni jafnt fullorðinna sem og barna þeirra. Framkvæmd aðgerðarinnar yrði samstarf félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, viðurkenndra fræðsluaðila og sveitarfélaga.

Í e-lið aðgerðarinnar er gert ráð fyrir að vinna sérstaklega að eflingu í kennslu íslensks táknmáls en innflytjendur eru nú um fimmtungur döff samfélagsins á Íslandi í litlu málasamfélagi þar sem brýnt er að sinna og byggja upp með markvissum hætti kennslu í íslensku táknmáli sem annars máls. Fjöldi fullorðinna döff einstaklinga hefur aukist til muna eftir 2022 og námstækifæri þeirra hafa ekki verið með sama hætti og námstækifæri döff barna. Heildar markmiði aðgerðarinnar er ætlað að gera nám í íslensku sem öðru tungumáli fjölbreytt, framsækið, hagnýtt og aðgengilegt á landinu öllu óháð því hvort um er að ræða íslensku eða íslenskt táknmál.

4.12. - Markmið 3.2 – Gæði íslenskunáms eru tryggð.

Aðgerð 3.2.1. Uppbygging kennarastéttar sem kennir íslensku sem annað mál.

Líkt og fram kemur í aðgerð 3.1.1. er fyrir höndum mikil uppbygging í kennslu íslensku fyrir innflytjendur. Fáir hafa haft það að aðalstarfi að kenna íslensku sem annað tungumál fram til þessa og því gera a- og b-liðir aðgerðarinnar ráð fyrir eflingu kennarastéttarinnar á þessu sviði. Í a-lið er horft sérstaklega til nýrra kennara sem útskrifast og verður hún því unnin í gegnum kennaranám á háskólastigi. Samhliða er nauðsynlegt að fjölga nú þegar starfandi kennurum og leiðbeinendum sem kenna íslensku sem annað tungumál með tækifærum á sviði endurmenntunar auk þess sem nauðsynlegt er að bjóða upp á sérstaka þjálfun við beitingu Samevrópska tungumálarámmans sem nú er verið að innleiða (sbr. umfjöllun um aðgerð 3.1.1.). Þannig ættu þau sem kenna íslensku sem annað mál að fá þjálfun í að kenna út frá færnistigum Samevrópsk tungumálarámma, nýta námsgögn og bjóða upp á stöðupróf. Þessi aðgerð styður við þrjár aðgerðir í þingsályktun um aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu fyrir árin 2024-2026 og þá sérstaklega um bætt gæðastarf, um virkjun Samevrópska tungumálarámmans og um starfsþróun og hæfni þeirra sem kenna íslensku sem annað mál.

Í námi fullorðins fólks er mikilvægt að hafa virkt notendasamráð, einkum í námi sem er í jafn mikilli þróun og íslenskunám innflytjenda. Árið 2023 lét félags- og vinnumarkaðsráðuneytið vinna tvær notendaúttektir á íslenskunámskeiðum fyrir innflytjendur. Háskólinn á Akureyri framkvæmda aðra þeirra um Samfélög án aðgreiningar: Mat innflytjenda á eigin færni í íslensku og Félagsvísindastofnun tók út gæðakerfi fræðsluaðila sem fengu styrk til íslenskukennslu árið 2022 og setti fram ýmsar umbótatillögur til að auka gæði, sýnileika og

árangur. Þannig hafa safnast mikilvægar upplýsingar sem brýnt er að fylgja eftir með nýrri könnun sem tekur á sambærilegum þáttum. Því er í aðgerðinni gert ráð fyrir að árið 2027 verði slík könnun unnin að nýju og fáist þannig samanburðarhæf gögn um viðhorf notenda til gæða og gagnsemi íslenskunáms eftir að úrbótaverkefnum sem lýst er í fyrri liðum aðgerðarinnar hefur verið hrint í framkvæmd.

4.13. - Markmið 3.3 - Skilningur ríkir og hvati er til notkunar íslensku í samskiptum innflytjenda og innlendra.

Aðgerð 3.3.1. Íslenska sem samskiptamál fyrir öll.

Tungumálanámi er ætlað að skapa tækifæri til samskipta. Innflytjendur á Íslandi hafa bent á að þeim gefist ekki næg tækifæri til að nota íslenskukunnáttu sína á meðan þeir eru að byggja upp færni. Aðgerð um íslensku sem samskiptamál fyrir öll er ætlað að auka tækifæri til notkunar á íslensku í samskiptum milli innflytjenda og innlendra og skapa tækifæri til tungumálanáms og stuðnings í gegnum almenn samskipti.

Í a-lið er gert ráð fyrir sérstöku tveggja ára verkefni til að auka umburðarlyndi gagnvart fjölbreyttri notkun íslensku og auka íslenskunotkun í samskiptum við innflytjendur hér á landi. Markmið slíks átaks er að auka meðvitund og þátttöku almennings í stuðningi við íslenskunám innflytjenda. A- og b-liðir aðgerðarinnar tengjast því að jafnhliða vitundarvakningu er gert ráð fyrir að stuðlað verði að frekari notkun íslensku í samskiptum milli innflytjenda og innlendra. Fyrirmynd slíks verkefnis er meðal annars frumkvöðlastarfsemi Háskólaseturs Vestfjarða sem staðið hefur fyrir verkefninu *Gefum íslensku séns* sem miðar að því að byggja íslenskuvænt samfélag sem stuðlar að auknum möguleikum fyrir alla til að læra og nota íslenskt mál í samskiptum.

Lítið er vitað um raunverulegt viðhorf og mögulegan viðhorfsmun innlendra og innflytjenda til notkunar íslensku í samskiptum. Því er gert ráð fyrir að mæla slík viðhorf eftir að a- og b-liðir aðgerðarinnar hafa verið innleiddir og skapa þannig tækifæri til að meta hvort frekari aðgerða er þörf í næstu framkvæmdaáætlun eða hvort markmið stefnunnar skili sér með innleiddum aðgerðum. Í textanum er vísað til íslensks millimáls sem er fræðiheiti málvísindafólks sem ætlað er að ná til margbreytileika í notkun íslensku sem erlends tungumáls og tekur allt í senn til framburðar, orðaskipanar, orðaforða og þannig málnotkunar í heild. Aðgerðinni í heild er ætlað að tryggja að innflytjendur upplifi tækifæri til notkunar íslensku og íslensks táknmáls og stuðning frá þeim sem eiga íslensku eða íslenskt táknmál að móðurmáli við að tjá sig.

4.14. - Markmið 3.4 - Aðgengi og sveigjanleiki ríkir við nám í íslensku.

Aðgerð 3.4.1. Fjölbreytt íslenskunám.

Ein af ráðleggingum OECD er kemur að því að skapa tungumálafærni innflytjenda er að tryggja að fjölbreyttar leiðir til að læra íslensku séu í boði. Mæta þarf þörfum ólíkra hópa og hefur verið bent á tvo hópa hér á landi sem mikilvægt er að líta sérstaklega til. Eru það annars vegar innflytjendur sem starfa í vaktavinnu og hins vegar innflytjendur sem ekki hafa aðgang að barnagæslu fyrir börn undir skólaskylduáldri. Því er a-lið aðgerðarinnar ætlað að tryggja þróunarverkefni sem sniðið er að þörfum þessara hópa og væri, ef árangur er góður, hægt að þróa fyrir landið allt. Horft er til svæða þar sem hlutfall innflytjenda er hátt og atvinnulíf með þeim hætti að vaktavinna er algeng. Má þar nefna sem dæmi einkenni mannlífs og atvinnulífs á Suðurnesjum þar sem hlutfall innflytjenda af íbúafjölda er einna hæst á landinu og

vaktavinna, einkum í frumframleiðslu og flugvallatengdri starfsemi, er ríkjandi á vinnumarkaði. Þá er jafnframt mikilvægt að halda áfram hagnýtingu á sjálfsnámsmöguleikum sem jafnt styðja við hefðbundið íslenskunám en eru einnig hluti af nútíma umhverfi tungumálanáms. Þar er í b-lið aðgerðarinnar lögð áhersla á að styðja við frekari þróun snjalllausna sem eru að öllu leyti opnar almenningi til þjálfunar í íslensku fyrir innflytjendur. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hefur um nokkurra ára skeið styrkt slík verkefni og hefur þróun á þessu sviði verið hröð. Aðgerðinni er ætlað að auka enn frekar tækifæri ólíkra hópa sem eiga þess síður kost að sækja hefðbundin og staðbundin tungumálanámskeið svo fleiri eigi þess kost að sækja sér nám og þjálfun í íslensku en nú er. Í c-lið er stefnt að því að styðja við framkvæmd og þróun einstaklingsmiðaðs og sveigjanlegs tungumálanáms með samtali fræðsluaðila og fræðasamfélags þar sem þekkingu og fyrirmyndar kennslufræðilegum nálgunum er miðlað.

5. Samráð um stefnumótun

5.1. Almenn um vinnuferlið og samráðið

Stýrihópur um gerð stefnunnar var skipaður um miðjan janúar 2023 og tók til starfa síðar í þeim sama mánuði. Þar áttu sæti fulltrúar fimm ráðuneyta, auk fulltrúa félags- og vinnumarkaðsráðuneytis komu þeir frá forsætisráðuneyti, fjármálaráðuneyti, dómsmálaráðuneyti og mennta- og barnamálaráðuneyti. Að auki sátu þar fulltrúar Alþýðusambands Íslands (ASÍ), BHM, BSRB og Kennarasambands Íslands (KÍ), fulltrúar frá Samtökum kvenna af erlendum uppruna á Íslandi, hugvísindasviði Háskóla Íslands, innflytjendaráði, Rauða krossinum á Íslandi (RKÍ), Samtökum atvinnulífsins og tveir fulltrúar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þá sat fulltrúi Vinnuálastofnunar fundi stýrihóps er vörðuðu gerð hvítbókar.

Við vinnu að stefnu í málefnum innflytjenda og flóttafólks hefur megináhersla verið lögð á að hafa víðtækt samráð við ólíka haghafa og tryggja að sem flestar og fjölbreyttastar raddir heyrast. Við gerð grænbókar var rætt við innflytjendur í tveimur rýnihópum og fjölda sérfræðinga á ýmsum málefnaviðum. Við gerð hvítbókar var rætt við hundruð fólks á opnum fundum um allt land. Í ferlinu í heild hefur því verið rætt beint við vel yfir 550 einstaklinga.

Við gerð grænbókar kom stýrihópurinn saman á 8 fundum og 32 fundir voru haldnir í þematengdum vinnuhópum. Við gerð hvítbókar kom stýrihópur saman á 13 fundum og vann að gerð stefnudruga. Þá fór fram víðtækt samtal við almenning um stefnuna og hagnýt atriði. Markmið þess samtals var að fá fram raddir innflytjenda sjálfra og tryggja að lykilviðfangsefni sem greind voru í grænbók og liggja til grundvallar stefnudrögnum endurspegluðu raunverulegar þarfir innflytjenda að mati jafnt innflytjenda sjálfra sem samfélagsins í heild. Haldnir voru 12 fundir víða um land, 7 opnir fundir á Akureyri, Borgarnesi, Egilsstöðum, Ísafirði, Reykjanesbæ, Reykjavík og Selfossi, og 5 lokaðir rýnihópsfundir með flóttafólki á Akureyri, Bifröst, Reykjanesbæ, Reykjavík og Selfossi. Alls tóku 489 manns þátt í opna samtalinu. Niðurstöður þess samtals voru greindar sérstaklega til að tryggja að áherslur sem fram komu endurspeglast í stefnunni.

Samhliða gerð stöðumat og draga að stefnu um málefni innflytjenda og flóttafólks vann Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) að itargreiningu á stöðu innflytjenda á Íslandi sem birt var þann 4. september 2024. Farið var yfir greiningar OECD og þær nýttar, ásamt öðrum gögnum, við mótun stefnunnar. Markmiðin byggja því á raun mati og áreiðanlegum gögnum um stöðu mála og helstu áskorunum sem taka þarf á til lengri tíma lítið.

5.2. Samráð í samráðsgátt stjórnvalda

Í vinnuferli þeirrar stefnu og framkvæmdaáætlunar sem nú liggur fyrir hafa verið unnin bæði grænbók og hvítbók sem hvor um sig var lögð fram í samráðsgátt stjórnvalda. Þá voru drög að þingsályktun jafnframt lögð fram í samráðsgátt.

Samráð um stöðumat og valkosti, þ.e. grænbók í málefnum innflytjenda og flóttafólks, fór fram 10. nóvember til 8. desember 2023 í samráðsgátt stjórnvalda. Alls bárust tuttugu umsagnir, sautján innan umsagnartíma og þrjár að umsagnartíma loknum. Umsagnaraðilar voru í stafrófsröð: Alþýðusamband Íslands, Félagsráðgjafafélag Íslands, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Heimssamband verkafólks á Íslandi, Íslandsdeild Amnesty International, Jóhanna Björk Sveinbjörnsdóttir, Leikn, samtök fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Mirra rannsóknar- og fræðslusetur, Rauði krossinn á Íslandi, Ráðgjafar- og greiningarstöð, Reykjavíkurborg, Reykjavíkurborg – Fjölmeningarráð, Reykjavíkurborg – sendiherrar íbúa af erlendum uppruna, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og samtök menntatæknifyrirtækja, Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi, Símennt, samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva og ÖBÍ réttindasamtök.

Almennt fögnuðu umsagnaraðilar útkomu grænbókar og að unnið væri að gerð stefnu um málefni innflytjenda og flóttafólks. Bent var á mikilvægi þess að hafa stefnu svo að aðgerðir í málaflokknum yrðu markvissari. Ábendingar umsagnaraðila fólu einna helst í sér ósk um ítarlegri umfjöllun um málefni einstaka hópa fremur en ábendingar um lykilviðfangsefni og framtíðarsýn

Samráð um drög að stefnunni sem birtust í hvítbók undir heitinu *Samfélag okkar allra – Framtíð og stefna Íslands í málefnum innflytjenda*, fór fram þann 24. maí til 21. júní 2024 í samráðsgátt stjórnvalda. Alls bárust tuttugu og ein umsögn, tuttugu innan umsagnartíma og ein að umsagnartíma loknum. Umsagnaraðilar voru í stafrófsröð Akureyrarbær, Alþýðusamband Íslands (ASÍ), Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Barna- og fjölskyldustofa, Grímsnes- og Grafningshreppur, Iðan fræðslusetur, Jovana Pavlovic, Landssamtökin Þroskahjálp, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Mímir símenntun, Rauði krossinn á Íslandi, Reykjanesbær, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök atvinnulífsins, Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi, Símennt, samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva, Tungumálaskólinn ehf., Viðskiptaráð Íslands, Zane Brikovska og ÖBÍ réttindasamtök

Almennt fögnuðu umsagnaraðilar útkomu fyrstu draga að heildstæðri stefnu í málefnum innflytjenda á Íslandi. Ábendingar umsagnaraðila voru af ýmsum toga sem flestar lutu að markmiðum og mælikvörðum í hvítbókinni og drög að stefnu fjalla um. Ábending kom fram um að upp á vantaði umfjöllun um einstaka hópa t.a.m. fatlaða eða einstaka efnissvið s.s. framhaldsfræðslu og raunfærnimat. Ýmsar ábendingar voru teknar til greina og var fjallað nánar um það í skýrslu um samráðið sem birt var í samráðsgátt.

6. Samfélagsleg áhrif

Í ítargreiningu OECD á málefnum innflytjenda, *Skills and Labour Market Integration of Immigrants and their Children in Iceland*, sem út kom þann 4. september 2024 er farið yfir helstu styrkleika og veikleika er varða stöðu innflytjenda á Íslandi í samanburði við önnur OECD ríki. Fram kemur í umfjölluninni að sérstaða Íslands felist meðal annars í mikilli atvinnuþátttöku innflytjenda hér á landi en að á sama tíma sé menntun og starfsreynsla þeirra ekki nýtt eins og kostur væri á. Menntaðir innflytjendur séu t.a.m. oft í störfum sem krefjast ekki sértækrar menntunar sem sé bæði missir fyrir íslenskt samfélag sem og einstaklingana

sem um ræðir. Ísland, ólíkt hinum Norðurlöndunum, hafi varið litlum fjármunum til að kenna innflytjendum þjóðtungu landsins og að innflytjendur vilji sjálfir fá aukin tækifæri til að læra íslensku auk þess sem þeir telji litla íslenskufærni vera eina stærstu hindrunina fyrir þá á íslenskum vinnumarkaði. Ekki þurfi einvörðungu að efla íslenskukennslu fyrir fullorðna heldur einnig fyrir börn og sértækar aðgerðir í menntun og stuðningi við börn séu nauðsynlegar. Niðurstaða OECD kemur heim og saman við þá umfjöllun sem félags- og vinnumarkaðsráðuneytið fékk fram við gerð grænbókar og síðar hvítbókar um stefnuna sem hér er lögð fram. Þeir hópar sem unnu að mótun stefnunnar og aðgerða hennar hafa lagt á það áherslu að taka á þeim áskorunum sem fram koma. Þá hefur jafnframt verið bent á að mikilvægt sé að stjórnvöld setji fram stefnu í málaflökknum og yrði það þá til samræmis við framkvæmd Norrænna ríkja og meirihluta annara OECD ríkja. Óvanalegt er að land setji fram framkvæmdaáætlanir líkt og hér hefur verið gert án þess að í gildi sé stefna sem framkvæmdaáætluninni sé ætlað að framfylgja.

OECD bendir jafnframt á mikilvægi þess að hagtölur um innflytjendur séu aðgengilegar og er sérstaklega tekið á þeim málum í samstarfi við Hagstofu Íslands. Innflytjendur eru það stór hluti íbúa að birting talnaefnis er ekki eins viðkvæm og áður þar sem gögnin eru ekki lengur persónugreinanleg eins og gat verið þegar innflytjendur voru fáir í fámennu landi.

Fjallað hefur verið sérstaklega um samfélagsleg áhrif hvers markmiðs hér að framan og verður sú umfjöllun ekki endurtekin í þessum kafla. Í heild er stefnunni og framkvæmdaáætlun ætlað að ná fram jákvæðum samfélagslegum áhrifum. Að stuðla að möguleikum einstaklinga sem hingað flytjast til að ná rötfestu í íslensku samfélagi og að sem heild skapi allir íbúar sér sameiginlega færni þar sem frelsi og jafnrétti og virðing fyrir mannréttindum eru meginstefin.

7. Fjármögnun stefnu og framkvæmdaáætlunar

Kostnaðarmat stefnunnar og framkvæmdaáætlunar er í vinnslu hjá ráðuneytum og stofnunum sem ábyrgð munu bera á hverri aðgerð og eftirfylgni þeirra.

8. Orðskýringar

Hér er að finna, í stafrófsröð, útskýringar á helstu hugtökum sem lögð eru til grundvallar umræðu og skilnings í þingsályktun þessari:

- a) Annarsmálshafi vísar til þess sem talar íslensku sem annað mál. Hugtakið annað mál vísar til þeirra tungumála sem fólk lærir á eftir móðurmáli sínu eða fyrsta máli. Börn geta tileinkað sér fleiri en eitt mál samtímis og verið tví- eða fjöltyngd. Innlendir eru því almennt móðurmálshafar íslensku en innflytjendur eru að jafnaði annarsmálshafar. Innflytjendur sem flytjast til Íslands á barnsaldri geta þó vel orðið tvítyngdir, á íslensku og sitt móðurmál og eru þá ekki annarsmálshafar á íslensku.
- b) Döff vísar til þess fólks sem er heyrnarlaust, talar táknmál og á táknmál sem sitt fyrsta mál. Á sama átt og aðrir innflytjendur eiga ekki íslensku sem sitt fyrsta mál eiga döff innflytjendur ekki íslenskt táknmál sem sitt fyrsta mál.
- c) Fjölbreyttur tungumálalabakgrunnur (e. *linguistically diverse*) vísar til þess að fólk á ólík tungumál sem sitt fyrsta mál og getur jafnframt verið fjöltyngt, þ.e. átt fleiri en eitt tungumál sem sitt fyrsta mál. Taka þarf tillit til fjölbreytts tungumálalabakgrunns, einkum í öllu námi og þeim áhrifum sem slíkt hefur á nemendur á ólíkum skólastigum.

- d) Fjölmennning (e. *multiculturalism*) vísar til þess að samfélag er byggt upp af ólíkri menningu sem þrífst í samvist hver við aðra. Fjölmennning er oftast notað í samsetningum svo sem fjölmenningsarsamfélag eða fjölmenningsarskólalastarf. Fjölmennning þýðir að hver og einn á rétt á að viðhalda eigin menningu og einnig að hægt er að tilheyra fleiri en einni menningu. Hugtakið vísar til félagslegrar samheldni ólíkra menningarhópa.
- e) Flóttafólk er sá sem er utan heimalands síns eða ríkisfangslaus einstaklingur sem er utan þess lands þar sem hann hafði reglulegt aðsetur, vegna ástæðuríks ótta um að verða ofsóttur vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar að tilteknum þjóðfélagshópi eða vegna stjórnmálaskoðana og getur ekki eða vill ekki vegna slíks ótta færa sér í nyt vernd þess lands. Í stefnu þessari er flóttafólk þeir einstaklingar sem fengið hafa viðurkenningu íslenska ríkisins á stöðu sinni sem flóttafólk.
- f) Innflytjandi er sá sem fæddur er erlendis og á foreldra og afa og ömmur sem öll eru fædd erlendis. Innflytjandi getur verið jafnt erlendir og/eða íslenskur ríkisborgari.
- g) Inngilding (e. *inclusion*) er tiltölulega nýtt hugtak í íslensku og þýðir að gert er ráð fyrir fjölbreytileika fólks í öllum aðstæðum. Inngilding vísar til þess að ábyrgð á því að gert sé ráð fyrir fjölbreytileika liggur ekki hjá einum aðila heldur mörgum – hjá samfélaginu í heild sem og einstaklingum innan þess. Inngilding vísar því til samskipta og kerfa sem byggja á samábyrgð. Þannig er inngilding ólíkt hugtökum á borð við aðlögun (e. *integration*) sem vísar til einstefnu í ábyrgð þar sem sá sem er í minnihluta ber ábyrgð á að aðlagast aðstæðum meirihlutans. Orðið er oftast notað í samhengi með öðrum orðum líkt og inngildandi samfélag eða inngildandi heilbrigðisþjónusta, svo eitthvað sé nefnt.
- h) Inngildandi samfélag (e. *inclusive society*) vísar til ákveðinnar samfélagsgerðar þar sem ávallt er gert ráð fyrir fjölbreytileika fólks. Samfélagið byggir á möguleika allra til virkrar þátttöku og meðvitað eru teknar ákvarðanir sem tryggja tækifæri og möguleika ólíkra hópa til virkrar þátttöku í samfélaginu. Inngildandi samfélag byggir ekki einvörðungu á möguleikum til þátttöku heldur tryggir jafnframt að ólíkir hópar fólks eigi þess kost að koma að ákvarðanatöku í samfélaginu.
- i) Innlendur er sá sem ekki fellur undir skilgreiningu á innflytjanda. Innlendir geta því verið einstaklingar með engan erlendan bakgrunn, einstaklingar með engan erlendan bakgrunn sem eru fæddir erlendis, einstaklingar sem eru fæddir á Íslandi og annað foreldri er erlent, og einstaklingar sem eru fæddir erlendis, eiga foreldra sem fæddir eru erlendis en a.m.k. eina ömmu eða afa sem fædd/ur er á Íslandi.
- j) Íslenskt millimál er þýðing á enska heitinu *interlanguage*, þ.e. tungumál annarsmálshafa. Vísar það til málnotkunar annarsmálshafa og þá allt í senn til framburðar, orðavals, málfræði og setningagerðar.
- k) Margþætt mismunun (e. *multiple discrimination*) er þegar fólk verður fyrir mismunun vegna fleiri en einnar mismununarbreytu s.s. kyns og uppruna, eða kyns, uppruna og fötlunar. Mismununarbreyturnar valda þannig neikvæðum samlegðarháhrifum og viðkomandi býr við margþætta mismunun.
- l) NEET hópur vísar til ungmenna sem ekki eru í námi, vinnu eða starfsþjálfun. Hér erum að ræða skammstöfun fyrir ensku samsetninguna *Not in Education, Employment or Training*.
- m) Útlendingur er sá sem er ekki með íslenskan ríkisborgararétt. Þannig vísar orðið til annars hóps en innflytjandi og tekur t.d. til allra þeirra sem heimsækja landið tímabundið s.s. vegna vinnu sinnar eða sem ferðamenn.

- n) Önnur kynslóð innflytjenda er fólk sem fætt er hér á landi en á forelda sem báðir eru innflytjendur.